

**MENNING** Tanja Ýr Ástþórsdóttir, ungfrú Ísland og dýravinur, bjargaði hundi í Seljahverfinu. 38



**SPORT** Jóhannes Karl Guðjónsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Fram. 34

**SKOÐUN** Um 500 rithöfundar og aðrir listamenn skrifa um eftirlit með almenningi og stafræn réttindi. 18




Nýr bæklingur fylgir með Fréttablaðinu í dag

TIGER

Villidýr á verði · www.tiger.is

Kringlan / Laugavegur / Smáralind / Akureyri



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**

10. desember 2013

290. tölublað 13. árgangur

Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Neituðu allir sök

Sakborningarnir fimm í svonefndu Stokkseyrarmáli héldu allir fram sakleysi sínu þegar aðalmeðferð hófst í héraðsdómi í gær. Málið snýst um tvær sérstaklega grófar líkamsárásir. 6

**Gengur í minningu dóttursonar** Guðný Sigurðardóttir ætlar að ganga frá Reykjavík til Selfoss næsta sumar til minningar um dótturson sinn. 2

**Stofna hagsmunasamtök á Eir** Stofnuð hafa verið hagsmunasamtök íbúarréttarhafa á hjúkrunarheimilinu Eir. 2

**Bruninn í Írabakka** Kona liggur þungt haldin eftir að eldur kom upp í íbúð hennar í fjölbýlishúsi við Írabakka í gær. Dóttir hennar studdi hana út úr brennandi íbúðinni. 4




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | NA | 8 |
| Akureyri | -1° | SV | 3 |
| Egilsstaðir | 0° | SV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 1° | SV | 3 |
| Reykjavík | 2° | S | 8 |

**ÉL V-TIL** Í dag verða sunnan- eða suðvestan 5-13 m/s. Él eða slydduél V-til en úrkomulaust að mestu annars staðar síðdegis. Hiti víðast í kringum frostmark. 4

### 3 SÉRBLÖÐ

**Gjafabréf | Fólk | Bílar**




# ÁTVR megi hafna bjór sem líkist léttöli

Samkvæmt ákvæði í stjórnarfrumvarpi sem er nú til umfjöllunar á Alþingi mun ÁTVR fá heimild til þess að neita að selja áfengistegund ef umbúðir hennar þykja líkjast óáfengri vöru um of. Hagsmunaaðilar segja ákvæðið ganga gegn lögum.

**STJÓRNSÝSLA** Ákvæði í stjórnarfrumvarpi sem er nú til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis heimilar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) að hafna því að taka vörur í sölu ef umbúðir þeirra líkjast umbúðum óáfengra drykkja. Slíkt stenst ekki lög að mati Félags atvinnurekenda.

Umrætt ákvæði er kallað keimlíkindaákvæði. Tilgangurinn með því er meðal annars að stemma stigu við því að hægt sé að sniðganga bann við áfengisauglýsingum með því að auglýsa óáfenga drykki sem eru í líkum umbúðum og áfengir drykkir.

Félag atvinnurekenda segir í umsögn með frumvarpinu að ákvæðið sé svo víðtækt og óskýrt að það geti takmarkað atvinnu- og tjáningarfrelsi í landinu. Framleiðendur gætu þurft að velja milli þess að auglýsa áfenga vöru eða óáfenga. Félagið telur því að fella verði út umrætt ákvæði. Samtök iðnaðarins taka í sama streng.

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, segir miklar umræður hafa verið um þetta ákvæði á fundi nefndarinnar í gær.

„Við ætlum að velta þessu rækilega fyrir okkur, þetta virðist ekki vera nógu skýrt,“ segir Frosti. Áfram verði fjallað um málið í nefndinni á komandi ári. - bj / sjá síðu 12

### Myndu sennilega breyta umbúðum

Í svari Vífilfells við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að ekki hafi verið lagt mat á það hvort lagabreyting eins og sú sem um er rætt kalli á breytingar á umbúðum hjá Vífilfelli. Stefna fyrirtækisins sé þó að vörur félagsins „uppfylli á hverjum tíma í hvívetna réttmætar kröfur sem leiddar verða af gildandi lögum og reglum“. Vífilfell myndi þannig „að öllum líkindum breyta umbúðum ef þess gerðist þörf frekar en að taka léttöl úr sölu“ til að mæta þörfum neytenda.



**Í TÖLVUKENNSLU** Starfsfólk Skema heimsótti Alþingi í gær og bauð upp á klukkutíma námskeið í forritun. „Þetta var voða „beisikk“, en alveg ofboðslega gaman,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson alþingismaður, sem starfað hefur sem forritari í um fjórtán ár. Á myndinni sést Birgir Jóhannes Jónsson aðstoða þingmennina Jón Þór Ólafsson og Frosta Sigurjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÁSTIN BLÓMSTRAR** Þau Júlíus og Herdís fundu ástina eftir Facebookhrekk vina Júlíusar.

Júlíus og Herdís saman í ár:

## Fundu ást eftir Facebook-hrekk

**FÓLK** „Ég er búinn að vera með þessari gullfallegu stelpu í eitt ár, en ég á vinum mínum það að þakka, því þeir komust í tölvuna mína þegar ég gleymdi að skrá mig útaf Facebook,“ segir Júlíus Brynjar Kjartansson sem byrjaði með Herdísi Sif Rúnarsdóttur eftir Facebook-hrekk.

Vinir Júlíusar sendu út fjölda vinabeiðna og potuðu í margar stúlkur á aldur við Júlíus. Herdís svaraði um hæl og leist Júlíusi afar vel á hana og höfust þá djúpar samræður. Parið er mjög ástfangið og hefur í hyggju að hefja sambúð innan skamms. - kak / sjá síðu 38

Nýjar greinar í Science:

## Líf á Mars er nú enn líklegra

**VÍSINDI** Nýjar rannsóknir benda til þess að ákveðin tegund örvera hefði getað lifað á vatnasvæði á Mars sem geimjeppinn Curiosity hefur rannsakað. Þetta er meðal þess sem fram kemur í vísindagreinum sem birtust í tímaritinu Science í gær.

Umrædd tegund þarf ekki sólarljós til að komast af, heldur reiðir hún sig á orku sem hún vinnur úr steinefnum. Slíkar verur finnast hér á jörðinni, í djúpum hellum og á hafsbotni.

Telja höfundar greinanna að líklegt sé að slíkt líf hefði getað þrifist á Mars í milljónir ára á meðan vatn rann þar. - bj

Ísland hefur aldrei náð markmiðum sínum um að auka þróunaraðstoð:

# Aldrei meira en 0,4% af VLF

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Ísland hefur aldrei náð settum markmiðum um framlög til þróunaraðstoðar síðan þau voru ákvörðuð við 0,7 prósent af vergri landsframleiðslu (VLF). Það hlutfall er í samræmi við markmið Sameinuðu þjóðanna um öll iðnríki. Stjórnvöld hafa boðað mikinn niðurskurð á framlögum til málaflokksins á næsta ári. Hæst varð hlutfallið tæplega 0,4 prósent árið 2008, en í krónum talið hafa framlögin numið 1.300 til 4.300 milljónum króna ár hvert. Meirihluti þeirra fjármuna hefur farið til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Upphæðin sem varið var í þróunaraðstoð á síðasta ári var rúmlega 3,2 milljarðar króna og það samsvaraði 0,22 prósentum af VLF. - fb / sjá síðu 8


KÆRLEIKSKÚLAN



HUGVEKJA

Sölutímabil 5.-19. desember

Sölustaðir á kaerleikskulan.is

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

Vefverslun Krumma

LEIKFÖNG Í ÚRVALI



www.krumma.is

Gylfaflöt 7
112 Reykjavík
587-8700
www.krumma.is

## SPURNING DAGSINS



Steinþór, eru þetta algjörir manndelar hjá borginni?

**„Nei, nei alls ekki, en þetta var stór biti og eðlilegt að þeir hafi ekki torgað honum.“**

Steinþór Helgi Arnsteinsson hafði milligöngu um að Arkitektur- og designhögskolen í Ósló fengi úthlutað reit undir Nelson Mandela-torg í Reykjavík. Borgaryfirvöld vildu hins vegar að fjármögnun verksins yrði tryggð fyrst. Málið lognaðist út af í framhaldinu.

Mikil spenna ríkir nú milli mótmælenda og lögreglumanna í Kænugarði:

# Lögregla beitir hörðu í Úkraínu

**KÆNUGARÐUR, AP** Vopnaðir löggæsluliðar réðust inn í skrifstofur stjórnarandstöðuflokks í miðborg Kænugarðs í gær og tóku þaðan netþjóna og annan tölvubúnað. Fjölmenn mótmæli sem beinast gegn stjórnvöldum standa nú sem hæst.

Fyrr um daginn fóru lögreglumenn í hundraðatali inn í borgina og tóku niður tjöld og hindranir sem mótmælendur höfðu sett upp í kringum skrifstofurnar. Marina Soroka, fulltrúi Föðurlandsflokksins, segir lögreglu einnig hafa umkringt fjölmiðla sem hlynntir eru mótmælendum og gert vefsíður þeirra óaðgengilegar.

Mótmælin hafa nú staðið yfir í þrjár vikur en þau hófust eftir að Viktor Janúkóvitsj, forseti Úkraínu, sló á frest samkomulagi við Evrópusambandið til að styrkja í staðinn samstarf við rússnesk stjórnvöld. Tjaldborg mótmælenda stendur enn fyrir framan skrifstofur ríkisstjórnarinnar og hefur lögregla umkringt hana. - bá



**ELDFIMT ÁSTAND** Mótmælendur í Miðborg Kænugarðs umkringdir lögreglu NORDIC PHOTOS/AFP

Nýtt frumvarp hefur áhrif:

## Bankar fresta sölu íbúða

**FÉLAGSMÁL** Bæði Arion banki og Íslandsbanki ætla að fresta nauðungarsölum á þeim íbúðum sem falla undir tillögur ríkisstjórnarinnar um skuldaniðurfellingu vegna nýs frumvarps innanríkisráðherra. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV.

Þá sagði stjórnarformaður Landssamtaka lífeyrissjóða að til greina komi að sjóðirnir fresti einnig nauðungarsölum þar til frumvarpið verður afgreitt. - bá



**668 UNDIRSKRIFTIR AFHENTAR** Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, og Gunnar Ingvi Bjarnason bæjarfulltrúi afhentu ráðherra undirskriftirnar í velferðarráðuneytinu. MYND/VESTURBYGGÐ

Íbúar Vesturbyggðar mótmæla fyrirhugaðri sameiningu:

## Ríflega helmingur skrifaði undir

**HEILBRIGÐISMÁL Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra fékk í gær afhenta áskorun sem ríflega helmingur allra íbúa Vesturbyggðar hafði skrifað undir. Áskorunin er um að hann falli frá því að fella heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar undir Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar. „Íbúarnir óttast að með sameiningunni muni þjónusta skerðast og öryggi þeirra verði ógnað,“ segir í tilkynningu. Bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur boðist til að yfirtaka rekstur heilbrigðisstofnunarinnar en hefur ekki fengið nein svör.** - skó

Pútín skipar í stöðu:

## Valdi þekktan hommahatara

**RÚSSLAND, AP** Dmitrí Kíseljov hefur verið gerður að yfirmanni Russia Today, helstu ríkisfréttastöðvar Rússlands. Um leið er stöðin efld og tekur við af RIA Novosti.

Kiseljov er umdeildur afturhaldsmaður, einkum þekktur fyrir hörð ummæli um samkynhneigða. Meðal annars sagði hann í sumar að líffæri úr samkynhneigðum væru ekki nothæf til ígræðslu, og þess vegna ætti að brenna þau eða grafa.

Það var Vladimír Pútín Rússlandsforseti sem ákvað að fá Kíseljov í þetta hlutverk en Pútín hefur nú fengið heimild til að skipa eða reka yfirmann stöðvarinnar.

Kíseljov er vel þekktur sjónvarpsmaður og þáttastjórnandi í Rússlandi. - gb

Almenn viðmið gefin út:

## Börn ekki sýnd nakin á netinu

**SAMFÉLAGSMÁL** Gefin hafa verið út almenn viðmið fyrir heimasíður leik-, grunn- og framhaldsskóla, íþróttafélaga og annarra sem koma að æskulýðs- og tómstundastarfi er varða birtingu persónuupplýsinga og myndefnis af börnum og notkun samfélagsmiðla.

Starfsfólk Heimilis og skóla og vakningarátakið Samfélag, fjölskylda og tækni, SAFT, gefa viðmiðin út. Þar er talið brýnt að allir sem hafa börn í sinni umsjá sýni varúð í meðferð upplýsinga og myndefnis og séu til fyrirmyndar á netinu. Börn skuli aldrei vera sýnd á niðrandi eða óviðeigandi hátt, til dæmis þannig að þau séu nakin, klæðalítil, vansæl eða í erfiðum aðstæðum. - fb

# Gengur og syndir í minningu Vilhelms

Guðný Sigurðardóttir ætlar að ganga frá Reykjavík til Selfoss næsta sumar til minningar um dótturson sinn, Vilhelm Þór, sem lést árið 2011. Hún safnar áheitum fyrir landssamtök foreldra sem misst hafa börn eða unglinga skyndilega.

**FÓLK** „Ég ætla mér að ganga þá leið sem litli drengurinn okkar fór í sína hinstu ferð. Svo mun ég synda 285 ferðir í sundlauginni á Selfossi því að hann var með okkur í 285 vikur,“ segir Guðný Sigurðardóttir sem mun ganga frá Landspítalanum í Reykjavík til sundlaugarinnar á Selfossi, hinn 24. maí 2014 til minningar um dótturson sinn, Vilhelm Þór. Þá verða þrjú ár frá því hann lést.

Guðný segist hafa verið orðin svolítið sófadýr og lítið gert annað en að vinna og sofa. „Ég var svo í sumarfríi í fyrrasumar og var smálasin, en þá gerðist eitthvað og það var eins og mér væri sparkað á fætur.“

Þá fór Guðný í göngutúr sem vatt svo upp á sig og hún fór að fara reglulega í gönguferðir.

„Ég ákvað að ef ég skyldi komast til heilsu skyldi ég gera eitthvað gott úr því í hans minningu. Fyrst vildi ég ganga hringinn í kringum landið eða meira, en ég komst svo niður á jörðina og þetta varð úr. Þetta verður ekki auðvelt, en hver segir að lífið sé auðvelt? Ég veit að ég get þetta, ég er tiltölulega heilbrigð en ég veit að þetta verður erfitt. Það er þó jákvætt. Allt þetta ferli hefur verið hálfgerð heilun fyrir mig. Mér fór fljótlega að líða betur andlega, það gerði gagn að fara út og vera með sjálfri mér.“

Guðný mun safna áheitum með göngunni og hlaupinu. „Ég ætla að safna áheitum fyrir ársgömul landssamtök sem heita Birta og eru fyrir foreldra sem hafa misst börn og ungmenni skyndilega. Það er ótrúlegt að þau skuli ekki hafa verið til fyrr, samtökin eru mjög þörf. Ég veit það eftir að hafa horft á dóttur mína missa barnið sitt. Maður vissi ekki hvert væri hægt að leita, við höfðum auðvitað frábært fólk hérna, prestinn, lögreglumenn og fleiri sem voru okkar sálfræðingar á þessum tíma.“ Dóttir Guðnýjar er nú í stjórn Birtu.

Að Guðný ætli að synda 285 ferðir í sundlaug er nokkuð merkilegt fyrir þær sakir að fyrir skömmu kunni hún ekki að synda. „Ég var svo til ósynd. Ég var mjög vatnshrædd og ætlaði aldrei aftur ofan í sundlaug. Sérstaklega eftir þetta slys. Eldri systir Vilhelms kastaði mér þó svolítið út í þetta. Hún hringdi þegar ég var að undirbúa mig og bað mig um að koma með sér í sund. Ég gat ekki neitað henni og þá varð ekki aftur snúið. Ég fékk einkakennslu og það var greinilega hægt að kenna mér eitthvað, ég er allavega farin að fleyta mér. Ég get þetta alveg.“ samuel@frettabladid.is



**„ÉG VEIT ÉG GET ÞETTA“** Guðný Sigurðardóttir ætlar að ganga frá Reykjavík til Selfoss og synda þar tæplega 300 ferðir í maí á næsta ári. MYND/SUNNLENSKA

### Fannst meðvitundarlaus í sundlaug

Vilhelm Þór fannst meðvitundarlaus í innilaug Sundhallarinnar á Selfossi 21. maí 2011. Hann var fluttur með sjúkrabíl á Landspítalann, þar sem hann lést þremur dögum seinna, þá fimm ára gamall.

> **Þetta verður ekki auðvelt, en hver segir að lífið sé auðvelt. Ég veit ég get þetta**
>
> *Guðný Sigurðardóttir*






Íbúaréttarhafar á hjúkrunarheimilinu Eir stofnuðu hagsmunasamtök í gær:

# Hagsmunir íbúa ekki í fyrirrúmi

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við höfum ekki á tilfinningunni að verið sé að vinna með hagsmuni íbúanna að leiðarljósi og finnst það dapurt og illa farið með gamla fólkið,“ segir Sigrún Kjartansdóttir, aðstandandi íbúa á hjúkrunarheimilinu Eir. Í gærkvöldi voru stofnuð hagsmunasamtök íbúaréttarhafa á Eir.

„Íbúum var útvegaður lögmaður sem stjórn Eirar valdi og hún hefur greitt laun hans. Í upphafi þáðu íbúar þessa lögfræðiaðstoð og trúðu því og treystu að hann myndi vinna að hagsmunamálum þeirra og upplýsa um gang mála. En það hefur ekki orðið raunin,“ bætir Sigrún við. Hún segir hagsmunasamtökin telja að fyrrverandi forstjóri Eirar, stjórnarmenn og ýmsir aðrir eftirlitsaðilar hafi sýnt af sér mikla vanrækslu. Léleg rekstrarstaða Eirar hafi verið ljós áður en farið var í dýrar lántökur og nýbyggingar.

Hagsmunasamtökin íhuga nú hvort eigi að sækja þetta fólk til saka fyrir vanrækslu.

Sigrún segir að staðan sé slæm. „Á Eir eru dæmi þess að í stórum íbúðum búi fólk sem hefur ekki efni á að greiða fyrir þær. Fólkið vill minnka við sig en getur það ekki. […] Fólk er hreinlega í átthagafjötrum á Eir,“ segir Sigrún. - jme



**HAGMUNASAMTÖK STOFNUÐ** Aðstandendur og íbúar á hjúkrunarheimilinu Eir telja að yfirvöld og lögmenn hafi ekki gætt hagsmuna íbúanna. Í gærkvöldi voru stofnuð hagsmunasamtök íbúðarréttarhafa á Eir og íhuga þau málssókn. FRETTABLAÐIÐ/VALLI



**VW Touran** 1,2 Comfortline
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 50 km, beinskiptur
Ásett verð: 4.350.000,-
Tilboð 3.890.000,-

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Mitsubishi I-MIEV**
**rafmagnsbíll.** Árgerð 2010, rafmagn
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.890.000,-



**VW Tiguan** Track&Style
**2,0TDI.** Árgerð 2012, dísil
Ekinn 32.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.890.000,-



Tilboð 2.950.000,-

**VW Passat** Comfortl. Ecofuel
Árgerð 2010, bensín/metan
Ekinn 33.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.450.000,-



**M.Benz** ML 350 AMG
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 156.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.490.000,-



**M.Benz** E200 Kompressor
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 110.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.990.000,-



Tilboð 1.890.000,-

**M. Benz** C200 kompressor
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 129.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.390.000,-



**Audi A6** 2,0 TFSI
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 27.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000,-



**Audi A4** 2,0 TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 35.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.290.000,-



**MM Pajero** 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 43.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.490.000,-



**Toyota** Land Cruiser 150 GX
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 35.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.990.000,-



**Audi A4** Avant 2.0TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 24.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.650.000,-



**VW CC** 2,0 TDi
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 12.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 6.350.000,-



**VW Passat** Alltrack 4motion
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 26.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 6.250.000,-



**VW Tiguan** Trend&Fun
**2,0 TDI.** Árgerð 2012, dísil
Ekinn 61.300 km, beinskiptur
Ásett verð: 4.550.000,-



Tilboð 2.890.000,-

**Audi A4** 2,0 TDI AT
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.690.000,-



**Mazda 3** 1600 Advance Dísil
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 12.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.890.000,-

H HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## SVONA ERUM VIÐ



**Lægsti** hiti í Reykjavík í desember 2001 var -9,5 gráður.

Tíu árum síðar var hitastigið rúmlega tveimur gráðum lægra. Lægsti hiti í Reykjavík í desember 2011 var -11,7 gráður.

Deildartunguæð sem flytur heitt vatn til Akraness úr sér gengin og hefur bilað þrisvar á stuttum tíma:

# Tökum þessu með stóískri landsbyggðarró

**AKRANES** „Við eigum teppi og rafmagnsblásara til að hlýja okkur þegar heita vatnið fer. En það er pirrandi að þetta skuli gerast aftur og aftur,“ segir Gísli S. Einarsson, íbúi á Akranesi og fyrrverandi bæjarstjóri.

Í fyrrinótt bilaði Deildartunguæð í þriðja skiptið á nokkrum dögum með tilheyrandi heitavatnsskorti á Akranesi. Gísli segir að aðveituæðin bili vegna skorts á viðhaldi á aðveitulögninni. „Þegar kólnar eykst álagið og æðin bilar. Það þarf að skipta út gömlum asbestlögnum fyrir stál,“ segir Gísli.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, segir að á næsta ári verði settur upp stærri miðlunargeymir fyrir heitt vatn. Geymirinn sem nú er í notkun tekur um 2.000 tonn af vatni en ráðgert er að byggja annan sem tekur 5 til 6 þúsund tonn. Eiríkur segir að þegar búið verði að byggja nýja geyminn muni fyrirsjáanlegar bilanir hafa minni áhrif.



**GÍSLI S. EINARSSON**



**EIRÍKUR HJÁLMARSSON.**



**SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR**

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir sjónvarpskona segir að skortur á heita vatninu trufli hana ekki mikið. „Það var reyndar svo kalt í síðustu viku að maður kveið fyrir að fara undan teppinu og inn í rúm. Þetta er náttúrulega eitthvað sem þarf að bæta úr og ég held að það verði gert. Á meðan ég bíð eftir því, tek ég þessu með stóískri landsbyggðarró,“ segir Sigrún Ósk. **- jme**



**HALLORMSSTAÐUR** Óbreytt skólahald þykir ekki fjárhagslega réttlætanlegt.

Breyting á Hallormsstað:

## Aka unglingum út á Egilsstaði

**SKÓLAMÁL** Hallormsstaðaskóli verður færður undir stjórn skólastjóra Egilsstaðaskóla. Skólinn verður aðeins fyrir yngsta stig og miðstig og nemendum á efsta stigi verður ekið í Egilsstaðaskóla.

„Á meðan ekki er að sjá að fjárhagslega sé réttlætanlegt að halda úti skólastarfi á Hallormsstað með sama hætti og verið hefur, með þeirri fækkun nemenda sem íbúaþróun bendir til, þá er það samt sameiginlegur vilji Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps að grunnskólastarf á Hallormsstað leggist ekki af,“ bókaði bæjarráð Fljótsdalshéraðs. **- gar**

## LEIÐRÉTT

Hrafnhildur Theodórsdóttir hefur ekki látið af störfum sem framkvæmdastjóri FÍL eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Hún sagði að vísu upp störfum 1. desember sl. en mun starfa sem framkvæmdastjóri FÍL fram á vor. Þá sagði hún ekki upp störfum út af skýrslu sem starfshópur á vegum FÍL birti um æskilegar breytingar.

Reykjavík Dance Production tekur þátt í verkinu Á vit ásamt Gus Gus, en ekki Íslenski Dansflokkurinn eins og kom fram í blaðinu 21. nóvember. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

# Þungt haldin eftir eldsvoða

Ein kona liggur enn á gjörgæslu eftir að eldur kom upp í íbúð hennar í Breiðholti snemma í gærmorgun. Dóttir hennar og tveir aðrir voru einnig flutt á spítala. Slökkvilið var í nágrenninu þegar boð barst um eldinn.

**BRUNI** Kona er enn þungt haldin vegna brunasára sem hún hlaut þegar eldur kom upp í íbúð hennar í fjölbýlishúsi við Írabakka snemma í gærmorgun.

Eldsupptök eru enn ókunn en rannsókn stendur yfir. Auk konunnar sem fyrr getur var fjórtán ára dóttir hennar flutt á slysadeild vegna reykeitrunar, en hún er ekki í jafn mikilli hættu.

„Þegar við komum upp stigann koma á móti okkur mæðgur sem voru í íbúðinni sem logaði í. Þær voru vel svartar af reyk,“ segir Þórir Steinarsson, varðstjóri slökkviliðs. „Eldurinn var staðbundinn en íbúðin er mjög illa farin og líklega ónýt.“

Allt tiltækt slökkvilið af höfuðborgarsvæðinu tók þátt í slökkvistarfinu, en það var að ljúka starfi í verslun við Eddufell þegar boð barst um brunann stuttu fyrir klukkan fimm. Viðbragðstími var því mjög stuttur en fyrstu bílar voru komnir á vettvang tæpum tveimur mínútum eftir að boðið barst.

Stigagangur var strax reykræstur og var fólk látið halda kyrru fyrir í íbúðum sínum á meðan. Ásamt þeim sem í íbúðinni bjuggu voru tveir fluttir á slysadeild vegna reykeitrunar. Tveir strætisvagnar voru sendir á vettvang til að hýsa fólkið sem neyddist til að yfirgefa heimili sín tímabundið. Þá var starfsfólk Rauða krossins kallað til og veitti áfallahjálp. **- bá**



**ELDSVOÐI** Allt tiltækt slökkvilið tók þátt í slökkvistarfinu FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN



**ÁFALLAHJÁLP** Íbúum var beint í strætisvagn þar sem þeir fengu aðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN

## Atburðarásin aðfaranótt 9. desember

**4.49** - Boð berst um eldsvoða í Írabakka 30. Slökkvilið er statt í nágrenninu.

**4.51** - Fyrsti bíll slökkviliðsins mætir á vettvang.

**4.54** - Mæðgurnar færðar í bíl sem flytur þær á spítala.

**5.07** - Rauði krossinn boðaður á vettvang til að veita áfallahjálp.

**6.19** - Öllu slökkvistarfi er lokið.

### → Leið eins og þetta varaði mjög lengi



„Ég held að allir í blokkinni hafi orðið varir við þetta,“ segir **Sandra Rós Þrastardóttir**, íbúi á þriðju hæð. „Kærastinn minn var vakandi og heyrði öskur. Hann hélt að það væri kannski frá bílaplaninu, leit út og sá reyk. Hann vakti mig, við tókum dóttur okkar og við ætluðum út. En við komumst ekki því stigagangurinn var fullur af reyk.

Ég beið inni á klósetti með dóttur mína því það barst enginn reykur þangað. Mér leið eins og þetta varaði mjög lengi en það var ekki svo. Á endanum komst slökkviliðið að okkur og leiddi okkur út í strætó þar sem við fengum að drekka.“

Sandra segist fljótt hafa fengið að snúa aftur til heimilis síns og að fjölskylda hennar biðji fyrir mæðgunum sem enn eru á spítala.

### → Það var ekkert panikk í húsinu



„Ég vaknaði við þessi hljóð, neyðaróp,“ segir **Ólafur Snævar Ögmundsson,** en hann býr við hlið íbúðarinnar þar sem eldurinn kom upp. „Við konan mín opnum fram á gang og þá vellur inn í íbúðina þykkur reykur. Í dyragættinni við hliðina hálflá kona, brennd og hrópaði á dóttur sína. Þá fór ég út á svalirnar mínar og komst að svalahurðinni þeirra. Hún var sem betur fer örlítið opin.

Mér tókst að opna hana upp á gátt en þar var svo mikill eldur og hiti að ég komst ekki nema hálfa leið inn í íbúðina. Meðan á þessu stóð komst stúlkan einhvern veginn út í gegnum eldhafið fram á gang, hún stóð sig eins og hetja. Allt gerðist mjög snöggt og hratt en það var engin panikk í húsinu.“


**Revolution Macalibrium**
**Macarót fyrir karlmenn**




Revolution Macalibrium®

**Hefur góð áhrif á:**

- Orku og úthald
- Beinþéttni
- Kynferðislega virkni
- Frjósemi og grundvallarheilbrigði

Umboðsaðili: Vistor hf.

**Fæst í apótekum og Heilsuhúsinu**

vegan GLUTEN FREE K GMP FAIRTRADE K-CAPS Capsules of Vegetable Origin JAS

**Fæðubótarefni úr macarót – 100% náttúruleg vara með lífræna vottun**
Inniheldur hvorki soja (ísóflavóna), mulin hörfræ né hormóna

www.facebook.Revolution-Macalibrium
www.vistor.is

Natural Health International®


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
5-10 m/s.




**Fimmtudagur**
Vaxandi SA-átt.

**FREMUR RÓLEGT** Veðrið verður nokkuð skaplegt næstu daga og vindur fremur hægur. Él einkum vestan til en annars úrkomulítið og bjart á köflum. Kalt í veðri en hlýnar á föstudagsnótt þegar lægð kemur upp að landi með hvassviðri og úrkomu.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 9° | Gautaborg | 8° | London | 9° | Orlando | 27° | San Francisco | 11° |
| Basel | 10° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 8° | Mallorca | 18° | Ósló | 1° | Stokkhólmur | 5° |
| Berlín | 10° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 23° | New York | 4° | París | 7° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Borgar Apótek
– Þín vegna

... opnar í Borgartúni 28 og býður lyf
á góðum kjörum!

**747 kr.**







**399 kr.**




**949 kr.**




**1.319 kr.**

Dæmi um verð á öðrum lyfjum sem viðskiptavinir greiða sjálfir að fullu

Voltaren rapid
30 töflur
**1.499 kr.**

Imovane
30 töflur
**695 kr.**

Borgar Apótek | Borgartúni 28, 105 Reykjavík | sími 553-8331

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hvaða landi sagði stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn sig af þingi um helgina?
**2.** Hvaða fjall sigraði örugglega í netkosningu og hlaut tilnefningu sem bæjarfjall Kópavogs?
**3.** Hvaða íslenska skíðakona vann alþjóðlegt svigmót í Geilo í Noregi á sunnudag?

**SVÖR**

1. TAÍLANDI 2. VÍFILSFELL 3. MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR

Almennu útboði með hlutafé stærsta olíufélags landsins lauk síðdegis í gær:

# Mikil eftirspurn eftir hlutabréfum í N1

**VIÐSKIPTI** „Útkoman og framhaldið ráðast af því hvort lífeyrissjóðirnir hafi verið með eða ekki," segir Arnar Ingi Einarsson hjá Entra viðskiptaráðgjöf um almennt hlutafjárútboð Íslandsbanka á þriðjungshlut í N1, sem lauk í gær. Niðurstöður útboðsins verða ekki kynntar fyrr en á miðvikudag, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var mikil eftirspurn eftir bréfum félagsins.

Entra birti nýverið verðmat á N1 þar sem segir að félagið sé vænlegur fjárfestingarkostur til skemmri tíma.

„Okkur líst ágætlega á félagið. Það er búið að ganga í gegnum töluverðar umbætur og reksturinn hefur verið einfaldaður. Hins vegar teljum við að það sé ekki mikill fyrirsjáanlegur vöxtur nema bara smárekstrarhagræðing."

Verðmat Entra gerir ráð fyrir að fjölgun ferðamanna og lenging ferðamannatímabilsins hafi jákvæð áhrif á rekstur N1.

„Svo eru stjórnendur félagsins búnir að gefa út metnaðarfulla áætlun um hvernig þeir sjá næstu ár fyrir sér og ef þeim tekst það er kominn grundvöllur fyrir hækkun á hlutabréfunum í nánustu framtíð," segir Arnar. **- hg**



**UM ALLT LAND** Entra byggir verðmatið meðal annars á því að N1 rekur þjónustustöðvar hringinn í kringum landið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






# Fimmmenningarnir neituðu allir sök

Ákærðu í Stokkseyrarmálinu báru ýmist við minnisleysi eða kusu að tjá sig ekki um sakir annarra í málinu. Ákæruvaldið krafðist þess að fjölmiðlabann yrði sett á þar til málflutningi væri lokið. Meirihluti dómsins féllst ekki á þær kröfur.

**DÓMSMÁL** „Ég er enginn Guð," sagði Stefán Logi Sívarsson, einn sakborninga í Stokkseyrarmálinu svokallaða, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, aðspurður hvort hann hefði gefið öðrum sakborningum skipanir um að beita tvo menn ofbeldi. Aðalmeðferð málsins hófst með skýrslutökum af sakborningum í gærmorgun en fimm eru ákærðir fyrir hættulegar líkamsárásir og frelsissviptingar, ásamt öðru.

Stefán Logi, Stefán Blackburn, Davíð Freyr Magnússon, Hinrik Geir Helgason og Gísli Þór Gunnarsson, gáfu skýrslur en rauður þráður í vitnisburði þeirra allra var að þeir könnuðust við fátt af því sem borið var upp á þá. Þeir neita allir sök vegna flestra ákæruliðanna.

Auk sakborninganna báru tvö meint fórnarlömb þeirra vitni. Sakborningunum var gert að víkja úr dómsal meðan vitnisburður fórnarlambanna fór fram, að kröfu réttargæslumanna þeirra. Þeim var komið fyrir í hliðarherbergi þar sem þeir gátu hlýtt á framburð vitnanna.

Bæði fórnarlömbin halda því fram að þau hafi verið svipt frelsi og þeim misþyrmt í lengri tíma á mismunandi stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þá var öðru fórnarlambinu ekið til Stokkseyrar þar sem misþyrmingarnar héldu áfram. Í ákæru og vitnisburði fórnarlambanna var ofbeldinu lýst, en mennirnir voru barðir með bareflum, beitt á þá hnífum, kylfum, þeir voru skornir, kveikt var í öðrum þeirra, hann var múlbundinn og lyf þvinguð ofan í hann gegn vilja hans, ásamt ýmsu öðru.

Rót málsins er sögð vera samband annars brotaþolans við barnsmóður og fyrrverandi kærustu Stefáns Loga sem hann var ósáttur við. Brotaþolar eru annars vegar sá sem átti að hafa átt vingott við stúlkuna en hinn var sá sem upplýsti Stefán um sambandið.

Ljóst var í dómsalnum í gær að vitnisburðurinn tók á bæði fórnarlömbin, en skýrslutaka stóð yfir í um eina og hálfa klukkustund hjá þeim báðum.

Í gær var einnig tekin skýrsla af föður annars fórnarlambsins sem sagði árásina hafa haft mikil áhrif á son sinn. Þá var tekin símaskýrsla af réttarmeinafræðingi í Svíþjóð sem rannsakaði blóð sem fannst á vettvangi.

Aðalmeðferð málsins heldur áfram í dag með vitnaleiðslum, en alls munu 34 gefa skýrslu í málinu.

fanney@frettabladid.is



**ÁKÆRÐIR FYRIR HROTTALEG BROT** Stefán Logi Sívarsson og Stefán Blackburn eru grunaðir um að hafa haft sig mest í frammi í árásunum. Stefán Logi er sagður hafa skipað öðrum fyrir við ofbeldisverkin.

## Úr vitnastúkunni:

**„Stefán er með hníf og segir að ég verði stunginn ef ég reyni eitthvað."**
*Brotaþoli 2 um Stefán Blackburn þegar sakborningar leiddu hann út af heimili hans.*

**„Þetta mál er blásið upp af fjölmiðlum og lögreglu."**
*Ákærði Hinrik Geir Helgason.*

**„Ég var ekki fær um að beita neinn ofbeldi."**
*Ákærði Stefán Logi Sívarsson var brotinn á báðum handleggjum þegar árásirnar áttu sér stað.*

**„Það eina sem mér dettur í hug er að þeir ætluðu að ganga í augun á mér."**
*Ákærði Stefán Logi Sívarsson um ástæður þess að hinir sakborninganna gengu í skrokk á meintum fórnarlömbum.*

**„Ég get ekki kallað fram neinar minningar um þetta mál."**
*Ákærði Stefán Blackburn aðspurður um aðkomu hans að málunum.*

**„Vörin var hangandi, þeir setja skærin upp að vörinni og spyrja: Viltu að við klippum þetta af?"**
*Brotaþoli 2 lýsti meintum hótunum sakborninga í hans garð.*

**„Hvað ertu búinn að gera? Ég get ekki hjálpað þér núna."**
*Ákærði Davíð Freyr Magnússon við brotaþola 2 á heimili hans við upphaf árásanna.*






## Tvær alvarlegar líkamsárásir:

Lýsingarnar í ákærunum gegn sakborningunum fimm lýsa hrikalegum aðförum í tveimur árásum.

**Fyrri árásin:**

**1:** Grýtubakki 10, Reykjavík, klukkan 21:00, 30. júní 2013. Fjórir sakborninganna réðust á brotaþola, hann var sprautaður með óhreinum sprautunálum og laminn til óbóta. Skömmu fyrir miðnætti var brotaþola hent út í bíl og ekið af stað.

**2.** Brotaþoli fluttur frá Grýtubakka 10 í Spöngina. Klukkan 23 var hann fluttur aftur í Grýtubakka. Á leiðinni stingur Stefán Logi manninn ítrekað með dúkahníf. Síðar var ákveðið að flytja þolanda í Hafnarfjörð.

**3.** Trönuhraun 7, Hafnarfirði. 01:00 1. júlí 2013. Brotaþoli má þola hnefahögg og spörk. Hann er svo fluttur aftur í Grýtubakka 10. Síðar um nóttina slapp þolandinn úr haldi. Hann var með brotið kinnbein eftir hnefahögg, hafði verið sleginn með kylfu í hnéskeljar og handarbak, skorinn ítrekað með hníf og klippt í eyru hans.

**Seinni árásin:**

**1.** Gullengi 23, Reykjavík. 1. júlí 2013. 00:30. Stefán Blackburn og aðrir sakborningar ruddust inn á heimili annars brotaþola í Reykjavík. Þeir létu höggin dynja á honum með bareflum og hótuðu með hníf.

**2.** Grýtubakki 10, Reykjavík. 1. júlí 01:00. Brotaþoli laminn. Sakborningar stöldruðu stutt við og fóru aftur í Hafnarfjörð.

**3.** Trönuhraun 7, Hafnarfirði. 01:30. Sakborningar, þar sem Stefán Logi og Stefán Blackburn höfðu sig mest í frammi, bundu brotaþola og misþyrmdu með bareflum, báru eld að kynfærum hans og píndu ofan í hann lyf. Einn sakborninganna, Davíð Freyr Magnússon, tók að sér að sauma saman vör þolanda sem hafði rifnað. Hann sprautaði síðan brotaþola með óþekktu lyfi. Stefán Logi traðkaði á höfði hans.

**4.** Heiðarbrún 6, Stokkseyri. Snemma morguns 1. júlí fluttu Stefán Blackburn og Davíð Freyr brotaþola til Stokkseyrar. Þar var þolandi laminn með belti og snúru, hann var afklæddur og skilinn eftir í kjallara hússins í svörtum ruslapoka, múlbundinn. Húsráðandi frelsaði hann úr prísundinni seinna um daginn.





Af hverju heldur
jörðin
í okkur?
HVITA HÚSIÐ/SÍA 13-3141
GLÆSILEG GJÖF FYLGIR
FRAMTÍÐARREIKNINGI
Við stofnun eða innlögn á Framtíðarreikning barns að upphæð 5.000 kr. eða meira fylgir alfræðibókin Jörðin frá Disney með sem gjöf.*
Tilvalin jólagjöf sem vex með barninu.
Komdu við í næsta útibúi Arion banka.
Framtíðarreikningur — gjöf til framtíðar
JÖRÐIN
©DISNEY
*Á meðan birgðir endast
Disney KLÚBBURINN
WWW.DISNEYKLUBBURINN.IS
Arion banki

FRAMLÖG ÍSLANDS TIL ÞRÓUNARAÐSTOÐAR

# Höfum aldrei náð markmiðunum

Stjórnvöld ætla að draga úr framlögum til þróunaraðstoðar um hundruð milljóna. Ísland hefur ekki náð markmiðum sínum um að auka aðstoð í samræmi við önnur ríki. Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi segir framlagið héðan nema sáralitlum hluta af þjóðarframleiðslu.

**Freyr Bjarnason**
freyr@frettabladid.is



**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Stjórnvöld hyggjast draga úr þróunaraðstoð á næsta ári um hundruð milljóna króna.

Á síðasta ári nam upphæðin sem lögð var í þróunaraðstoð rúmlega 3,2 milljörðum króna, sem voru 0,22 prósent af þjóðartekjum Íslands. Markmið Sameinuðu þjóðanna er að iðnríkin verji 0,7 prósentum af þjóðartekjum í þágu þróunarríkja.

Framlög íslenskra stjórnvalda eru ýmist veitt í gegnum Þróunarsamvinnustofnun Íslands, félagasamtök og alþjóðastofnanir eða til íslensku friðargæslunnar. Mestir peningar hafa farið til Þróunarsamvinnustofnunarinnar.

Stjórnvöld styrkja alþjóðlegu samtökin Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, á hverju ári og í fyrra nam upphæðin um 130 milljónum króna. „Ísland hefur sett sér markmið um að auka þróunarsamvinnu í samræmi við það sem öll vestræn ríki hafa gert. Við höfum aldrei náð þeim markmiðum,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF, aðspurður. „Þeir peningar sem við sendum í þróunaraðstoð hafa verið á bilinu 0,2 til 0,3 prósent sem þýðir að 99,7 prósent af þjóðarframleiðslu fara ekki í þróunaraðstoð. Það er ekkert rosalega stór hluti af þjóðarframleiðslunni,“ segir hann og er hugsi yfir þróun mála.

Hann bætir við að miklar framfarir hafi verið á framkvæmd þróunarsamvinnu. „Það hefur náðst mjög mikill árangur, bæði af fjölhliða og tvíhliða þróunarsamvinnu sem Ísland hefur tekið þátt í. Á bak við þetta er fólk sem býr við sára neyð og þarf á hjálp að halda, þannig að þetta skiptir mjög miklu máli.“

Væntanlegar aðgerðir stjórnvalda eru ekki í samræmi við skoðanakönnun sem MMR gerði fyrir utanríkisráðuneytið og Þróunarsamvinnustofnun Íslands fyrr á árinu. Samkvæmt henni vilja tæplega níutíu prósent landsmanna óbreytt eða aukin framlög til þróunarsamvinnu.

freyr@frettabladid.is



**STEFÁN INGI Í AFRÍKU** Stefán Ingi segir að miklar framfarir hafi orðið í framkvæmd þróunarsamvinnu.

### → Framlög Íslands til þróunarmála síðasta áratug




Framlög Íslands til þróunarmála voru mest árið 2008 þegar þau námu tæpum 4,3 milljörðum króna. Þá voru framlögin rétt innan við 0,4% af vergri landsframleiðslu, en samkvæmt yfirlýstri stefnu skal hlutfall þetta ná 0,7% í samræmi við framlög annarra ríkja sem miðað er við.

### → Framlög Íslands til þróunarmála árin 2011-2012




SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Nýr ŠKODA Rapid Spaceback

Nýstárlegt og glæsilegt útlitið kemur á óvart, en þú verður fyrst verulega hissa þegar þú kemur inn í bílinn og finnur hversu rúmgóður hann er. Fóta- og höfuðrýmið í þessum fyrsta hlaðbaki sinnar tegundar frá Škoda er nefnilega það mesta sem fyrirfinnst í þessum stærðarflokki bíla. Skyggða sóllúgan, sem hægt er að fá sem aukabúnað, og stór afturrúðan auka svo enn frekar á frelsistilfinninguna. Þegar við þetta bætast allar góðkunnu „Simply Clever“ lausnirnar frá Škoda er útkoman bíll sem á engan sinn líka. Sestu inn og njóttu þess að láta fara vel um þig.

Nýr ŠKODA Rapid Spaceback kostar aðeins frá:
3.080.000,-

m.v. ŠKODA Rapid Spaceback 1.2TSI, 86 hestöfl, beinskiptur.




Eyðsla frá 4,4 l/100 km
$CO_2$ frá 114 g/km
5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.skoda.is



Veiðileg Jól
Munið vinsælu gjafabréfin okkar!
Prologic hanskar.
Góðir skotveiðihanskar.
Tvær gerðir.
Verð frá 4.995,-
DAM öndunarvöðlupakki
Öndunarvöðlur og skór
Pakkatilboð
Aðeins 29.995,-
Ron Thomson Reykofn
Frábært verð.
Verð aðeins 10.995,-
Redington Sonic veiðijakki
Vatnsheldur, saumalaus jakki með góðri útöndun
Verð 59.900.
Jólatilboð aðeins 49.900,-
Scierra digital
vigt með innbyggðum hitamæli
Verð aðeins 10.995,-
Scierra vöðlujakki.
Vatnsheldur jakki með útöndun
Fullt verð 29.995
Jólatilboð aðeins 25.995,-
Simms Fall Run Primaloft.
Léttur og hlýr jakki. Hentugur í alla útivist.
Aðeins 33.900,-
Ron Thompson vöðlujakki
Vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 24.995
Jólatilboð aðeins 19.995,-
Gerviendur
12 stokkendur ásamt sökkum, og góðum burðarpoka.
Frábært verð
Aðeins 12.995,-
Redington kvenvöðlupakki
Vandaðar öndunarvöðlur og skór
Aðeins 42.995,-
Simms Freestone pakki
Öndunarvöðlur og skór
Pakkatilboð aðeins 53.900,-
Simms Coldweather skyrtur
Þykkar og hlýjar skyrtur
Verð aðeins 14.995,-
Prologic felugalli
MAX4 felumynstur.
Vatnsheldur, fóðraður jakki og smekkbuxur með útöndun
Verð aðeins 36.995,-
Fud gæsir.
Vinsælar gervigæsir sem ekkert fer fyrir.
Þessar hafa svo sannarlega slegið í gegn.
6 í pakka
Verð aðeins 9.995,-
Gæsaflautur – Andaflautur.
Gott úrval. Verð frá
Verð frá 2.995,-
Redington Topo fluguveiðipakkar
Fjögurra hluta stöng, hjól, lína, baklína, taumur, flugubox og flugur. Fullt verð 36.900.
Jólatilboð aðeins 29.995,-
Öryggishólf.
Örugg geymsla fyrir verðmæti eða skotfæri.
Nauðsynlegt á öll heimili.
Raflæsing
Verð aðeins 14.995,-
Lambhúshettur.
Nauðsynlegar í gæsaveiðina.
Hlýjar hettur með andlitsgrímu
Verð aðeins 3.995,-
Savage laxaháfur.
Léttur og góður laxaháfur.
Hægt að brjóta saman.
Aðeins 8.995,-
Sage flugustangir
Í miklu úrvali. Vandaðar handgerðar bandarískar stangir með lífstíðarábyrgð.
Verð frá 49.900,-
Netverslun Veiðihornsins sendir jólagjafirnar frítt með póstinum til jóla – Veidihornid.is
VEIÐIHORNIÐ
VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 5688410
VEIÐIHORNIÐ - STRANDGÖTU 49 - HAFNARFIRÐI - 555 6226

Google, Facebook, Twitter og fleiri stór netfyrirtæki skora á Obama:

# Vilja eftirlit með eftirlitinu

**BANDARÍKIN** Átta af stærstu netfyrirtækjum heims hafa birt yfirlýsingu og opið bréf til Baracks Obama Bandaríkjaforseta, þar sem þau krefjast þess að strangt eftirlit verði haft með njósnastarfsemi stjórnvalda.

Þetta eru fyrirtæki á borð við Google, Facebook og Twitter, sem hafa verið gagnrýnd fyrir að hafa látið bandarískum leyniþjónustustofnunum í té upplýsingar um viðskiptavini sína.

Fyrirtækin segjast hafa skilning á því að verja þurfi öryggi borgaranna, en segja uppljóstranir nýverið sýna ótvírætt að hafa verði gott taumhald á öllu opinberu eftirliti með borgurunum.

Með yfirlýsingunni vilja þessi fyrirtæki bregðast við uppljóstrunum Edwards Snowdens, sem sýnt hefur að leyniþjónustur Bandaríkjanna og margra fleiri ríkja hafa safnað saman upplýsingum um símtöl og netsamskipti einstaklinga jafnt sem fyrirtækja víða um heim.




**GOOGLE** Netfyrirtækin hafa látið stjórnvöldum í té upplýsingar um viðskiptavini sína. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Auk Google, Facebook og Twitter standa Apple, LinkedIn, Microsoft og Yahoo að yfirlýsingunni. - gb






# Þingmenn sendir heim

Efnt verður til kosninga í Taílandi, en stjórnarandstæðingar vilja ekki nýja lýðræðislega kjörna ríkisstjórn, heldur „ráð þjóðarinnar“ án kosninga.

**TAÍLAND, AP** Yingluck Shinawatra, forsætisráðherra Taílands, hefur ákveðið að leysa upp þing og efna til kosninga innan tíðar.

Þetta gerði hún þrátt fyrir að vera með öruggan meirihluta á þingi, og allar líkur á því að hún fái meirihluta í nýjum þingkosningum, ef marka má skoðanakannanir.

Þrýstingur frá mótmælendum í Bangkok hefur hins vegar vaxið jafnt og þétt. Meira en 150 þúsund manns mættu til mótmæla í höfuðborginni um helgina og kröfðust þess að stjórnin segði af sér.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar gripu síðan í gær til þess ráðs að hætta á þingi, og það var í beinu framhaldi af því sem Yingluck ákvað að leysa upp þingið.

Engan veginn er þó víst að upplausn þingsins og kosningar nægi til þess að friða mótmælendur. Þeir hafa krafist þess að sérstakt „ráð þjóðarinnar“ taki við völdum í landinu, en virðast engan áhuga hafa á því að lýðræðislega kjörin ríkisstjórn fari með völdin.

Deilurnar í landinu hafa staðið yfir árum saman, eða allt frá því að bróðir Yingluck, Thaksin Shinawatra, komst til valda um aldamótin.

Bæði Thaksin og systir hans, Yingluck, njóta mikilla vinsælda utan höfuðborgarinnar, en njóta engan veginn trausts hjá betur stæðum Bangkok-búum, sem höfðu farið með öll völd í landinu fram að kosningasigri Thaksins árið 2001.

Thaksin var sakaður um spillingu og hlaut á endanum tveggja ára fangelsisdóm árið 2008 fyrir viðskiptasamning, sem ekki þótti standast lög. Thaksin var þá flúinn úr landi, en honum var steypt af stóli af hernum árið 2006.

Yingluck er sömuleiðis sökuð um spillingu, og hún er einnig sökuð um að láta bróður sinn í reynd stjórna landinu.

Hið beina tilefni ólgunnar nú var hins vegar lagafrumvarp, sem Yingluck og stjórnarmeirihlutinn voru í þann veginn að afgreiða, og átti að veita Thaksin og fleirum sakaruppgjöf.

gudsteinn@frettabladid.is

## Langvinnar deilur



**Yingluck Shinawatra** forsætisráðherra: Systir **Thaksins Shinawatra**, fyrrverandi forsætisráðherra. Flokkur hennar er með meirihluta í neðri deild þjóðþingsins.

Mótmælendur: Leiðtogi þeirra er **Suthep Thaugsuban**, fyrrverandi þingmaður stjórnarandstöðunnar og fyrrverandi aðstoðarforsætisráðherra. Hann vill að stjórnin segi af sér.

- **Sept. 2006** Herinn steypir **Thaksin Shinawatra** forsætisráðherra af stóli.
- **Des. 2007** Stuðningsmenn **Thaksins** í PPP-flokknum sigra í þingkosningum.
- **Ág. 2008 Thaksin** flýr í sjálfskipaða útlegð vegna yfirvofandi málaferla vegna spillingarásakana.
- **Des.** Fjöldamótmæli andstæðinga Thaksins, íklæddum gulum bolum lama Bangkok. Stjórnlagadómstóll bannar PPP, flokk stuðningsmanna Thaksins.
- **Mars - maí 2010** Stuðningsmenn Thaksins efna til mótmæla, íklæddir rauðum bolum. Herinn stöðvar mótmælin. Meira en 90 manns látast í átökum.
- **Júlí 2011** PTP-flokkurinn, arftaki PPP, sigrar í þingkosningum. **Yingluck Shinawatra** orðin leiðtogi flokksins.
- **Nóv. 2013** Mótmæli hefjast eftir að stjórnin reynir að setja lög um sakaruppgjöf, sem hefðu getað leitt til þess að Thaksin gæti snúið aftur úr útlegðinni án þess að afplána þriggja ára fangelsisdóm.




Mótmæli í Bangkok
1 Höfuðstöðvar lögreglunnar
2 Fjármálaráðuneytið
3 Höfuðstöðvar hersins
4 Minnismerki um lýðræðið

Heimildir: Fréttastofur Ljósmyndir: Getty Images © GRAPHIC NEWS







H:N Markaðssamskipti / SÍA

# Umdeilt ákvæði um ÁTVR sagt ólögmætt

**Ákvæði frumvarps sem heimilar ÁTVR að selja ekki áfengistegund sé óáfeng vara í svipuðum umbúðum í sölu hér á landi er ólögmætt að mati hagsmunaaðila.**

**STJÓRNSÝSLA** Ákvæði í stjórnarfrumvarpi sem heimilar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) að hafna því að taka vörur í sölu ef umbúðir þeirra líkjast umbúðum óáfengra drykkja stenst ekki lög að mati Félags atvinnurekenda.

ÁTVR fær meðal annars heimild til að neita að taka í sölu áfengi sé óáfengur drykkur í svipuðum umbúðum til sölu eða auglýstur hér á landi verði stjórnarfrumvarp um áfengisverslun að lögum. Ákvæðið er kallað keimlíkindaákvæði.

Tilgangurinn með keimlíkindaákvæðinu er meðal annars að stemma stigu við því að hægt sé að sniðganga bann við áfengisauglýsingum með því að auglýsa óáfenga drykki sem eru í líkum umbúðum og áfengir drykkir. Tilgangurinn er líka sá að koma í veg fyrir að fólk ruglist á áfengri vöru og óáfengri og neyti þar með áfengis fyrir misgáning.

„Verði fyrirhugað keimlíkindaákvæði að lögum má ljóst vera að framleiðendur áfengra og óáfengra drykkja munu þurfa að velja á milli þess að markaðssetja áfenga vöru eða óáfenga á Íslandi,“ segir í umsögn Félags atvinnurekenda um stjórnarfrumvarpið. Þar með verði önnur varan útilokuð frá íslenskum markaði þrátt fyrir að vera lögleg á evrópska efnahagssvæðinu. Það þýði að ákvæðið sjálft sé ólögmætt.

Keimlíkindaákvæðið er svohljóðandi: „ÁTVR er heimilt að hafna áfengi ef umbúðir þess líkjast í helstu meginatriðum öðrum vörum sem boðnar eru til sölu eða auglýstar á almennum markaði hér á landi, svo sem með notkun sama forms, umbúðaefnis, vörumerkis, myndmáls, texta, litavals eða leturgerðar.“ Þetta er að mati Félags atvinnurekenda of víðtækt og óskýrt til að það geti takmarkað atvinnu- og tjáningarfrelsi í landinu. Félagið telur að efnahags- og viðskiptanefnd eigi ekki aðra kosti en að fella út umrætt ákvæði.

Samtök iðnaðarins taka í sama streng, og hvetja til þess að ákvæðið verði fellt út úr frumvarpinu.

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir miklar umræður hafa verið um þetta ákvæði á fundi nefndarinnar í gær. „Við ætlum að velta þessu rækilega fyrir okkur, þetta virðist ekki vera nógu skýrt,“ segir Frosti. Áfram verði fjallað um málið í nefndinni á komandi ári.

brjann@frettabladid.is

## Víti að varast við hönnun umbúða

**Samkvæmt frumvarpinu má ÁTVR hafna því að selja áfengistegund vegna umbúða eða markaðssetningar af ýmsum ástæðum. Til dæmis ef varan:**

- Höfðar sérstaklega til barna eða ungmenna.
- Gefur til kynna að áfengið auki líkamlega, andlega eða félagslega getu.
- Hvetur til óhóflegrar neyslu áfengis.
- Hvetur til refsiverðrar háttsemi, til dæmis neyslu ólöglegra fíkniefna.
- Er í svipuðum umbúðum og önnur vara á almennum markaði hér á landi.
- Inniheldur koffín eða önnur örvandi efni.

**Nokkur gildandi ákvæði eru felld úr gildi með frumvarpinu. Til dæmis þau sem leyfa ÁTVR að hafna tegundum ef varan:**

- Inniheldur gildishlaðnar eða ómálefnalegar upplýsingar.
- Særir blygðunarkennd eða brýtur í bága við almennt velsæmi.
- Hefur skírskotun til trúar, stjórnmálaskoðana eða mismununar.




**BLACK DEATH** Setningin „Drink in Peace“ á umbúðunum varð til þess að ÁTVR bannaði bjórinn Svarta dauða. Bannið var fellt úr gildi eftir að ákvörðunin var kærð til fjármálaráðuneytisins.




**HEILAGUR PAPI** Trúarlegar skírskotanir á miðanum á þessum rammíslenska bjór urðu til þess að ÁTVR ákvað að selja hann ekki í verslunum sínum.




**PÁSKAGULL** Páskaunginn og fagurgular umbúðir þóttu höfða til barna og páskabjórinn því ekki seldur. Hann var þó til sölu í Fríhöfninni, sem gerir ekki sömu kröfur og ÁTVR.


# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 02.12.13 – 08.12.13



1 **Skuggasund** Arnaldur Indriðason




2 **Lygi** Yrsa Sigurðardóttir




3 **Ólæsinginn sem kunni að reikna** Jonas Jonasson



4 **Fiskarni hafa enga fætur** Jón Kalman Stefánson




5 **Vísindabók Villa** Vilhelm Anton Jónsson




6 **Amma glæpon** David Williams



7 **Rangstæður í Reykjavík** Gunnar Helgason



8 **Tímakistan** Andri Snær Magnason



9 **Árleysi alda** Bjarki Karlsson




10 **Guðni léttur í lund** Guðni Ágústsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson



Fallegar jólagjafir
- okkar hönnun og smíði



JÓN & ÓSKAR

jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind

PIPAR\TBWA • SÍA • 133639

**CHAMBERLAIN®**




# Opnaðu bílskúrinn með appi.




## Chamberlain hleypir þér inn

**Chamberlain bílskúrshurðaopnarar eru sterkir, endingargóðir og traustir.** Uppsetningin er einföld, þægileg og fljótleg. Það er hægt að fá framlengingar fyrir hærri hurðir. Chamberlain opnarar eru hljóðlátir, einnig fæst **MyQ** búnaður sem nettengir opnarann og þá má sjá hvort bílskúrinn sé opinn eða lokaður hvar og hvenær sem er í gegnum tölvu eða með sérstöku appi fyrir snjallsíma. Þá er hægt að opna og loka með sama appi.

**Ef þú þarft bílskúrshurðaopnara eða það er kominn tími á endurnýjun, hafðu Chamberlain efst í huga. Öryggisins vegna.**

*Leiðbeiningar á íslensku fylgja*




### Chamberlain EV700EV
Sterkur og góður 700N 2 fjarstýringar – 35.900 kr.

### Chamberlain EV1000EV
Einn sá flottasti á markaðnum 1000N, mjög öflugur, 2 fjarstýringar – 49.900 kr.

FÍTON / SÍA

LÁS HÚSIÐ EHF.
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
557 5100



Stóri
dagurinn
„Ef þú átt ekki miða,
þá er bara einhver annar
að vinna!"
EINN MIÐI
ÞREFALDIR
MÖGULEIKAR
YFIR
MILLJARÐUR
GREIDDUR TIL
VINNINGSHAFA
Á ÁRINU 2013!
PIPAR\TBWA • SÍA • 133628

SÍÐASTI ÚTDRÁTTUR ÁRSINS ER Í KVÖLD

# FÆRÐ ÞÚ MILLJÓNIR Í SKÓINN?

Stærsta ári happdrættisins til þessa er senn að ljúka.
**Nú þegar höfum við greitt út einn milljarð króna í vinninga á árinu.**
Ekki missa af síðasta útdrætti ársins þar sem útgreiddir vinningar verða um **85 milljónir!**

**A**

AÐALÚTDRÁTTUR

**70.000.000**

Í Aðalútdrætti vinna um **3.000** manns allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**. Að meðaltali eru um **74 milljónir** greiddar út.

**10**

*MILLJÓNAVELTAN*

**10.000.000**

Í **Milljónaveltunni** í kvöld drögum við út **10 milljóna** króna vinning á einn miða.

**1**

MILLJÓN Á MANN

5 x **1.000.000**

Í **Milljón á mann**, fá **5 heppnir** vinningshafar **eina milljón** króna. Aðeins er dregið úr seldum miðum.



DRÖGUM Í DAG

**10.**

DESEMBER

Tryggðu þér miða fyrir **kl. 18** í dag!

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

*Vænlegast til vinnings*

Enn svíkur Ísland loforð um þróunarsamvinnu:

# Horft í naflann

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í fréttum RÚV í fyrrakvöld að lækka ætti fyrirhuguð framlög til þróunarsamvinnu um „einhver hundruð milljóna til þess að forgangsraða í þágu heilbrigðisþjónustunnar“, eins og hann orðaði það.

Það verður að teljast athyglisvert að fjármálaráðherrann tali svona beint inn í lýðskrum Vigdísar Hauksdóttur, núverandi formanns fjárlaganefndar, en hún sagði í kosningabaráttunni í vor að áform um að hækka framlög til þróunaraðstoðar stríddu gegn sannfæringu hennar. „Tuttugu og fjórir milljarðar í erlendum gjaldeyri næstu fjögur ár á meðan íslenska þjóðin telur sig ekki hafa efni á því að gera hér þær bætur sem þarf að gera á Landspítalanum til að bjarga lífi og limum landsmanna.“



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Ísland hefur allt frá árinu 1971 svikið margítrekuð loforð sín um framlög til þróunarsamvinnu. Þá var leitt í lög að framlag Íslands til fátækustu ríkja heims skyldi nema 0,7 prósent af þjóðartekjum, í samræmi við markmiðið sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu fyrir vestræn iðnríki árið áður. Markmiðið var ítrekað með lögum um Þróunarsamvinnustofnun áratug síðar.

Við þetta hefur aldrei verið staðið. Hæst fóru framlög til þróunaraðstoðar í 0,36 prósent árið 2008. Það var að hluta til óvart; meirihluti útgjaldanna hafði verið festur í Bandaríkjadölum og hrun krónunnar ýtti hlutfallinu upp á við, í krónum talið.

Síðan seig hratt á ógæfuhliðina og þróunarsamvinna var á meðal þeirra útgjaldaliða ríkisins sem mest voru skornir niður eftir hrun. Frá 2008 til 2011 drógust framlög til Þróunarsamvinnustofnunar saman um helming, ef gengisþróunin er tekin með í reikninginn.

Þessi gríðarlegi niðurskurður fékk nánast enga athygli hér heima fyrir, enda á fátækasta fólk heims lítinn aðgang að þrýstihópum eða pólitíkusum á Íslandi. Almenningi virtist sama. Þó fer gagnsemi þróunaraðstoðar Íslendinga ekki á milli mála. Hún hefur bætt lífsgæði hundraða þúsunda manna og spítalarnir og heilsugæzlustöðvarnar sem reist hafa verið í Afríku bjargað ófáum mannslífum.

Alþingi samþykkti í vor áætlun um þróunarsamvinnu Íslands. Þar var stefnan sett á að efna loksins fjörutíu ára gamalt loforð og að Ísland skipaði sér í hóp þeirra ríkja sem leggja meira en sem nemur 0,7 prósentum af þjóðartekjum til þróunarsamvinnu.

Í áætluninni eru vel skrifaðar setningar um að nú eigi að „leggja íslensk lóð á vogarskálar baráttunnar gegn fátækt og fyrir bættum lífskjörum í fátækustu hlutum heims“. Með þessu ætlaði Ísland að „uppfylla pólitískar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna“. Og upp á fallegu orðin skrifuðu allir þingmenn nema Vigdís Hauksdóttir.

Jú, það vantar peninga í heilbrigðiskerfið á Íslandi. En við erum samt ein ríkasta þjóð heims; númer þrettán á þróunarlista Sameinuðu þjóðanna. Ríkin í Afríku sem við aðstoðum eru öll fyrir neðan 160. sætið. Munurinn á ástandi heilbrigðismála er svona álíka og á himnaríki og helvíti.

Það er dapurlegt að stjórnmálamennirnir okkar skuli enn og aftur svíkja loforð okkar við fátækustu ríki heims. En við verðskuldum líklega ekki skárra. Við erum þjóð sem einblínir á naflann á sér.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871



Pevaryl® 1% krem (econazolnítrat) er breiðvirkt sveppalyf til staðbundinnar meðferðar á sveppasýkingum í húð (af völdum Trichophyton, Epidermophyton og Microsporum tegunda, hvítsveppasýkingu (candidiasis), litbrigðasveppasýkingu (pityriasis versicolor)). Hentar vel gegn öllum húðsveppasýkingum óháð tegund eða staðsetningu. **Skammtar:** Berist á sýkt húðsvæði kvölds og morgna, nuddist varlega inn með fingri. Fyrir meðferð við fótsveppum skal þvo fætur og þurrka þá vel. Við sýkingu á höndum berist kremið á eftir hvern handþvott. Meðferð á að vara í minnst 2 vikur eftir að einkenni eru horfin. Börn yngri en 10 ára mega eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Einungis til útvortis notkunar, má ekki nota í augu eða munn. Gæta skal varúðar við meðhöndlun nálægt augum. Inniheldur bensósýru sem getur haft væg ertandi áhrif á húð, augu og slímhúð og bútýlhýdroxýanisól sem getur valdið staðbundnum aukaverkunum í húð (snertiexemi) eða haft ertandi áhrif á augu og slímhúð. **Meðganga / brjóstagjöf:** Kremið má ekki nota á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema skv. læknisráði. Má nota á öðrum og síðasta þriðjungi ef hugsanlegur ávinningur fyrir móðurina vegur þyngra en möguleg hætta fyrir fóstrið. Ekki er þekkt hvort Pevaryl berst í brjóstamjólk. Gæta skal varúðar við notkun Pevaryl hjá konum með barn á brjósti. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vegið að Ríkisútvarpinu

**Björn Bjarnason**, fyrrverandi menntamálaráðherra, er ómyrkur í máli um stjórnendur Ríkisútvarpsins í bloggi sínu. Björn vill ekki kenna ohf.-væðingu RÚV eða nefskattinum um ófarir þess heldur þeim sem stjórna. Þeir hafi tekið ákvarðanir sem vega að rótum stofnunarinnar og þar með því sjálfu. „Rás 1 er rótin og af henni hefur meginstofninn risið,“ segir Björn. Með því að vega að starfsemi Rásar 1 sé vegið að tilvist ríkisútvarpsins. Ákvörðunin er Páls Magnússonar og nánustu samstarfsmanna hans. „Hverjum gat dottið í hug að þessi hópur manna mundi valda því uppnámi sem nú hefur orðið með vanhugsuðum úrræðum sínum? Stjórn ríkisútvarpsins verður tafarlaust að láta sig málið varða en ekki setja þá í nefnd,“ segir Björn. Það hefur hins vegar fátt heyrst frá formanni stjórnar RÚV síðustu daga og því hefur enginn hugmynd um hverju menn eru að velta fyrir sér á þeim bæ.



### Staðan verði auglýst

Það eru margir sem hafa horn í síðu útvarpsstjóra þessa dagana. Á netinu er í gangi undirskriftasöfnun þar sem hvatt er til að staða útvarpsstjóra verði auglýst og annar ráðinn í stað Páls Magnússonar. Meðal þeirra sem vilja nýjan útvarpsstjóra er **Fríða Björk Ingvarsdóttir**, rektor Listaháskóla Íslands. Hún telur að Ríkisútvarpið standi á krossgötum og það hafi aldrei verið mikilvægara en nú að endurskilgreina stöðu þess og skyldur gagnvart þjóðinni. Fríða Björk segir að kjarnastarfsemi RÚV, sem þjóðarútvarps, ætti að vera helguð íslenskri menningu í öllum sínum fjölbreytileika úr nútíð og fortíð. Enginn muni leggja rækt við okkar menningar- og listalíf – sama til hvaða greinar er litið – ef við gerum það ekki sjálf. Fríða Björk klykkir svo út með því að senda Páli þessa kveðju: „Þegar stjórnandi nýtur ekki lengur trausts starfsmanna sinna er ekki nema heilbrigt að aðrir taki við kyndlinum.“



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ekki sundra Orkuveitu Reykjavíkur!

ORKUMÁL



**Ögmundur Jónasson**
alþingismaður

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins skal orkufyrirtækjum sundrað í einingar sem annast vinnslu, dreifingu og sölu á orku og jafnframt ber að aðskilja rækilega rekstur sem flokkast undir samkeppnisrekstur frá starfsemi sem heyrir undir einkaleyfisrekstur. Þessi tilskipun var lögfest hér á landi í raforkulögum árið 2003 en síðan var frestað að framfylgja tilskipuninni gagnvart OR. Það var vegna fjárhagsstöðu OR en skuldastaðan var svo slæm að ekki þótti stætt á því að veikja fyrirtækið með þessum hætti.

Öðrum orkufyrirtækjum var hins vegar gert með lögunum að undirgangast tilskipunina þótt nánast öllum sem að orkumálum koma þætti þetta hið mesta óráð og vera notendum í óhag. Í greinargerð með frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi kveður því við gráan tón þegar sagt er að allt þetta sé gert til þess að „tryggja hagsmuni“ þeirra sem njóta eiga þjónustu orkufyrirtækjanna. Veruleikinn er því miður annar því þetta er einvörðungu til að fullnægja kröfum ESB; kröfum sem við hefðum – og kunnum enn að geta fengið undanþágu frá. Og taki menn eftir: Frestunin gagnvart OR var vegna þess að mönnum þótti ekki rétt við erfiðar aðstæður að veikja stofnunina með þessum kerfisbreytingum!

Nú á hins vegar að láta til skarar skríða gegn OR og ganga enn lengra, kljúfa stofnunina upp í sjálfstæð dótturfélög – og undirbúa þannig markaðs- og einkavæðingu þeirra. Í frumvarpinu er vísað í félögin sem sundra á Orkuveitunni í, þ.e. þau sem „stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu.“

Mikilvægt er að fresta enn um sinn þessari aðför að Orkuveitu Reykjavíkur og nota tímann til að taka allt regluverkið upp gagnvart orkugeiranum í heild sinni og leita heimildar ESB til undanþágu í því efni. Til þess eru ríkar forsendur. Eigendum OR svo og löggjafanum ber skylda til að gæta hagsmuna okkar sem borgum brúsann!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Andfúli karlinn

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Ég man eftir því þegar ég var í skóla sem gutti að einn kennarinn okkar hafði greinilega mikið dálæti á hvítlauk, sem fór misvel í krakkana í bekknum. Einn af mínum bekkjarfélögum var orðheppinn, en fór stundum yfir strikið, og jafnvel út um gluggann ef hann þurfti að flýja í skyndi. Hann lét eitt sinn þessi fleygu orð falla um viðkomandi hátt og snjallt: „Vitið þið af hverju herra X er svona andfúll?“ og svaraði sjálfur um leið: „Það er af því það er svo stutt niður í rassgat!“ Þetta leiddi eðlilega til heimsóknar hjá skólastjóra og miður góðs samkomulags við kennarann um stundarsakir, gott ef hann jók ekki bara hvítlauksneysluna! Okkur var því enginn greiði gerður með þessu.

Sannleikurinn er sá að margir glíma við þennan vanda og þessi vandi getur verið erfiður viðureignar. Eðli málsins samkvæmt eru einkennin sveiflukennd og ekki má gleyma því að sumir eru hreint ekkert andfúlir en hafa stöðugar áhyggjur af því, jafnvel svo miklar áhyggjur að það jaðrar við þráhyggju. Andfýlan fer engu að síður varla framhjá þeim sem eru í samskiptum við þann sem glímir við mikla andremmu, hvort sem viðkomandi er meðvitaður um það eða ekki, þannig að þeir taka sjálfkrafa eitt eða tvö skref afturábak við slíkar kringumstæður. Andfýluinnaðurinn, eins og ég hef stundum kallað hann, sem byggir á sölu á tyggigúmmíi, mintum, munnskoli og ýmsum öðrum varningi, er risastór og kemur sem betur fer líklega í veg fyrir félagsleg vandamál og einangrun.

### Margt kemur til greina

Ef við veltum því fyrir okkur hvað það er sem veldur andremmu kemur býsna margt til greina. Flest vitum við að eðlileg og góð tannhirða, notkun á tannþræði og munnskoli kemur í veg fyrir tannskemmdir, hindrar bólgu í tannholdi og rotnun matarleifa milli tannanna. Það er okkur flestum nánast eðlislægt að bursta tennurnar og okkur líður illa ef við gleymum því. Bakteríur í munnholi og meltingarvegi geta valdið lykt og óþægindum ef tannhirða er ekki nógu góð. Andardráttur okkar getur einnig orðið óskemmtilegur við neyslu ákveðinna fæðutegunda, til dæmis hvítlauks og ýmissa annarra lauktegunda, en brennisteinssambönd í þeim falla út í gegnum lungun í kjölfar meltingar og upptöku í blóðið.

Öðrum fæðutegundum hefur einnig verið kennt um, til dæmis mjólkurvörum, kryddi, kjöti og þannig mætti lengi telja. Kaffi og áfengi eru vatnslosandi efni sem valda þurrki í slímhúðinni í munninum og betri vaxtarskilyrðum fyrir bakteríur. Ýmis lyf og sjúkdómar geta einnig valdið slíkum þurrki, og vitað er að aukin öndun um munn veldur þurrki, til dæmis hrotur. Jafnvel þó við hrjótum ekki vökvum við flest andfúl vegna minni munnvatnsframleiðslu á nóttunni. Sykursýki, lifrar-, lungna- og nýrnasjúkdómar geta einnig valdið andremmu, auk vélindabakflæðis og hálsbólgu. Reykingar og munntóbaksnotkun valda líka andremmu, og sá fylgikvilli bætist við þá áhættu sem er tekin með neyslu tóbaks.

Það getur verið viss þrautaganga að finna út úr því hvað veldur andremmu og það getur jafnvel verið þörf á því að leita læknis sé grunur um sjúkdóm. Í sumum tilvikum er orsökin hins vegar augljós og væri til mikilla þæginda fyrir nánasta umhverfi viðkomandi að láta af þeim löstum sem ég nefndi hér að ofan. Ég myndi því ráðleggja þeim sem glíma við óþægindi af þessum toga, eða þeim sem vilja gefa slíkum aðilum góð ráð, að passa vel upp á vökvabúskapinn sinn, minnka kaffidrykkju, skipta mögulega yfir í koffeinlaust te, lágmarka áfengisneyslu, borða ríkulega af grænmeti og ávöxtum, neyta C- og D-vítamíns og draga úr sætindaáti, sem er bensín fyrir bakteríurnar. Muna að bursta vel tennurnar, nota tannþráð, endurnýja tannburstann og hitta reglulega tannlækninn sinn. En fyrir alla muni hætta að reykja og troða tóbaki í vörina, það er nákvæmlega ekkert hægt að segja eða gera sem réttlætir slíka notkun og eiginlega stórmerkilegt að fólk skuli vísvitandi vilja lykta illa og skapa sér heilsufarsvandamál.

> Reykingar og munntóbaksnotkun þarf varla að minnast á sökum þess hversu augljóst það er og bætist andfýla við alla aðra áhættu, nóg var nú samt!

# Ekki gefa mér peninga!

FJÁRMÁL
Kristín Soffía Jónsdóttir
varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar í Reykjavík



Í nóvember 2004 skokkaði ég niður í banka og tók 100% lán til þess að kaupa mína fyrstu íbúð.

Ég setti íbúðina á sölu stuttu eftir hrun og seldi hana um áramótin 2008/2009. Á þessum fjórum árum fékk ég einhverja hundrað þúsund kalla í vaxtabætur og þegar ég seldi hana þá seldi ég hana með hagnaði, ekkert miklum, en aftur komu þarna einhverjir hundrað þúsund kallar.

Þetta kallar ný ríkisstjórn forsendubrest og ætlar að bæta mér hann. Ég fæ kannski ekkert mikið en aftur, þetta verða einhverjir hundrað þúsund kallar. Í dag er ég skuldlaus og með fínar tekjur, ég er að fá þessa peninga gefins fyrir það eitt að hafa keypt mér íbúð sem ég græddi á. Ég er barnlaus og fæ því ekki barnabætur. Lækkun þeirra snertir mig ekki neitt, ég hef ekki keypt aðra íbúð síðan og fæ því ekki vaxtabætur og fékk ekki heldur sérstakar vaxtabætur þegar þær buðust – ég er því ónæm fyrir þeirri skerðingu líka.

Ég borga skatt í skattþrepi tvö og boðuð skattalækkun mun færa mér auka tvö þúsund krónur á mánuði.

Ég er greinilega í markhópi þessarar ríkisstjórnar og hún keppist við að gefa mér peninga. Ég er ungfrú forsendubrestur, ég er hópurinn sem „fær aldrei neitt“, ég er hluti af þeim hópi sem er búinn að vera „skattpíndur“. Ég er að fá leiðréttingu á því mikla óréttlæti sem ég varð fyrir.

Vandamálið er bara að ég hef það fínt peningalega en mér líður illa þegar ég hugsa til þeirra sem fjármagna þessa fáránlegu peningagjöf til mín.

Systir mín er sjálfstæð móðir með tvo stráka, hún er hjúkrunarfræðingur og starfar á Landspítalanum. Ríkið borgar henni ekki há laun, hún fékk fullar vaxtabætur og fullar barnabætur. Ekkert háar upphæðir, einhverja hundrað þúsund kalla – en það voru samt peningar sem borguðu sumarfrí fyrir hana og strákana og gerðu lífið þeirra aðeins auðveldara og skemmtilegra.

Systir mín er eitt dæmi, í kringum mig er fullt af ungu barnafólki sem er að missa meðgjöf sem það þurfti á að halda til þess að ég geti upplifað réttlæti.

Kæra ríkisstjórn, það er ekkert réttlæti í þessum aðgerðum – vinsamlegast hættið að gefa mér peninga.




Byggingarreglugerð og nýir búsetuvalkostir

Hvaða áhrif hefur ný byggingarreglugerð á uppbyggingu leigumarkaðar og framboð lítilla íbúða á höfuðborgarsvæðinu?

Málþing fimmtudaginn 12. desember kl. 13 - 17 í Borgartúni 12 -14

- Allir velkomnir - skráning sendist á netfangið sea@reykjavik.is

Nýju Reykjavíkurhúsin og Reykjavíkuríbúð 21. aldarinnar

Reykjavíkurhúsin og Reykjavíkuríbúð 21. aldarinnar eru samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar um eflingu leigumarkaðar og þróun nýrra íbúða. Gefur byggingarreglugerð svigrúm fyrir slíka nýsköpun?

Samstarfsaðilar Reykjavíkurborgar um málþingið eru Mannvirkjastofnun, Búseti, Félagsstofnun stúdenta, Félagsbústaðir og Samtök iðnaðarins.

Reykjavíkurborg | Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | www.reykjavik.is/sea



NÝBAKAÐAR JÓLASMÁKÖKUR HAGKAUPS

BAKAÐ Á STAÐNUM!



Hvernig væri að eiga notalega stund og gleðja einhvern nákominn með ljúffengum smákökum, tilvöldum með rjúkandi kaffi eða kakóbolla?

Hver er uppáhalds tegundin þín?
• Súkkulaðibitar • Hunang & múslí • Rúsínur & hafrar
• Hnetusmjör • Hvítt súkkulaði & macadamia hnetur
• Brownies • Karamellu og mjólkursúkkulaði

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# FRÁBÆR TILBOÐ!

## Gerðu mögnuð kaup!

Fjöldi bíla á staðnum!

WWW.BÍLALAND.IS




TOYOTA LAND CRUISER 120VX
Nýskr. 09/06, ekinn 154 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.880.000**

TILBOÐSVERÐ! 3.990 þús.




VW TOUAREG R5
Nýskr. 01/04, ekinn 192 þús km. dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 1.990.000**
TILBOÐ kr. 1.390 þús.




MMC PAJERO GLS
Nýskr. 04/05, ekinn 115 þús km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 2.380.000**
TILBOÐ kr. 1.590 þús.




NISSAN MURANO
Nýskr. 02/05, ekinn 107 þús km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 1.990.000**
TILBOÐ kr. 1.290 þús.




RANGE ROVER HSE
Nýskr. 04/06, ekinn 131 þús km. bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.990.000**
TILBOÐ kr. 3.990 þús.




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/09, ekinn 96 þús km. dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.980.000**
TILBOÐ kr. 3.990 þús.




HYUNDAI SANTAFE
Nýskr. 06/06, ekinn 174 þús km. dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 1.740.000**
TILBOÐ kr. 1.290 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


# Í þágu lýðræðis á tölvuöld

**RITHÖFUNDAR UM STAFRÆN RÉTTINDI**

Á síðustu mánuðum hefur það komist á allra manna vitorð hve útbreiðsla eftirlits með almenningi er orðin mikil. Með fáeinum músarsmellum getur ríkið fengið aðgang að farsímanum þínum, tölvupóstinum þínum, félagslegu tengslaneti þínu og hverju þú leitar að á netinu. Það getur fylgst með stjórnmálaskoðunum þínum og athöfnum og í samvinnu við netfyrirtækin safnar það saman og geymir gögnin þín, og getur þannig spáð um neyslu þína og hegðun.

Grundvallarstoð lýðræðis er órjúfanleg friðhelgi einstaklingsins. Friðhelgi mannsins nær út fyrir líkamann einan. Allir menn eiga rétt á því að hvorki sé fylgst með né abbast upp á hugsanir þeirra, persónulegt umhverfi þeirra og samskipti.

Þessi grundvallarmannréttindi hafa verið gerð að engu með því að ríki og fyrirtæki hafa misnotað þróun tækninnar til þess að hafa eftirlit með almenningi.

Sá sem er undir eftirliti er ekki lengur frjáls, samfélag undir eftirliti er heldur ekki lengur lýðræði. Til þess að lýðræðisleg réttindi okkar haldi einhverju gildi verða þau að taka til sýndarheimsins ekki síður en raunheimsins.

- Eftirlit brýtur gegn einkarými okkar og stofnar hugsana- og skoðanafrelsi í hættu.
- Með fjöldaeftirliti er komið fram við hvern einasta borgara sem mögulega grunaðan mann. Þar með er kollvarpað einum helsta sigri sögunnar, að gert sé ráð fyrir sakleysi hvers manns.
- Eftirlit gerir einstaklinginn gegnsæjan, á meðan ríkið og fyrirtækin starfa með leynd. Þessi völd hafa verið misnotuð með kerfisbundnum hætti, eins og við höfum séð.
- Eftirlit er þjófnaður. Þessi gögn eru ekki opinber eign, þau tilheyra okkur. Þegar þau eru notuð til að spá um hegðun okkar er öðru stolið frá okkur, þeirri meginreglu að frjáls vilji sé grundvallaratriði í lýðfrelsi okkar.

Við gerum kröfu til þess að allir menn, sem lýðræðislegir borgarar, hafi þann rétt að ákveða að hvaða marki safna megi saman, geyma og vinna úr persónugögnum þeirra, og hverjir megi gera það; að fá upplýsingar um það hvar gögn þeirra eru geymd og hvernig þau eru notuð; að fá því framgengt að gögnum þeirra verði eytt ef þeim hefur verið safnað saman og geymd með ólöglegum hætti.

Við skorum á öll ríki og fyrirtæki að virða þessi réttindi.

Við skorum á alla einstaklinga að stíga fram og verja þessi réttindi.

Við skorum á Sameinuðu þjóðirnar að viðurkenna grundvallarmikilvægi þess að verja borgararéttindi á tölvuöld, og að semja Alþjóðlega yfirlýsingu um stafræn réttindi.

Við skorum á öll stjórnvöld að undirrita og hlíta slíkri yfirlýsingu.

**J. M. Coetzee,** Ástralíu; **Helen Garner,** Ástralíu; **Svetlana Alexievich,** Hvíta-Rússlandi; **Margaret Atwood,** Kanada; **Yann Martel,** Kanada; **Michael Ondaatje,** Kanada; **Liao Yiwu,** Kína; **Suzanne Brøgger,** Danmörku; **Peter Høeg,** Danmörku; **Hanne Vibeke Holst,** Danmörku; **Nawal El Saadawi** Egyptalandi; **Monika Fagerholm,** Finnlandi; **Jean-Jacques Beineix,** Frakklandi; **Daniel Chon-Bendit,** Þýskalandi; **Günter Grass,** Þýskalandi; **Michael Lentz,** Þýskalandi; **Elfride Jelinek,** Þýskalandi; **Kristof Magnusson,** Þýskalandi; **Ilija Trojanov,** Þýskalandi; **Juli Zeh,** Þýskalandi; **Thanassis Valtinos,** Grikklandi; **Xu Xi,** Hong Kong/Bandaríkjunum; **Peter Esterhazy,** Ungverjalandi; **Björk,** Íslandi; **Oddný Eir,** Íslandi; **Einar Már Guðmundsson,** Íslandi; **Hallgrímur Helgason,** Íslandi; **Bjarni Jónsson,** Íslandi; **Andri Snær Magnason,** Íslandi; **Steinunn Sigurðardóttir,** Íslandi; **Sjón,** Íslandi; **Jón Kalman Stefánsson,** Íslandi; **Amit Chaudhuri,** Indlandi; **Arundhati Roy,** Indlandi; **Roddy Doyle,** Írlandi; **Colum McCann,** Írlandi; **David Grossman,** Ísrael; **Amos Oz,** Ísrael; **Toshiko Uji,** Japan; **Ian Buruma,** Hollandi; **Jostein Gaarder,** Noregi; **Ahmed Rashid,** Pakistan; **Mourid Barghouti,** Palestínu; **Mikhail Shishkin,** Rússlandi; **Antjie Krog,** Suður-Afríku; **Hwang Sok-Yong,** Suður-Kóreu; **Javier Marías,** Spáni; **Rosa Montero,** Spáni; **Per Olov Enquist,** Svíþjóð; **Jan Guillou,** Svíþjóð; **Henning Mankell,** Svíþjóð; **Tomas Tranströmer,** Svíþjóð; **Abdulrazak Gurnah,** Tansaníu/Bretlandi; **Yasar Kemal,** Tyrklandi; **Tariq Ali,** Bretlandi; **Martin Amis,** Bretlandi; **Julian Barnes,** Bretlandi; **Kazuho Ishiguro,** Bretlandi; **Ian McEwan,** Bretlandi; **Irvine Welsh,** Bretlandi; **Jeanette Winterson,** Bretlandi; **Nikita Lalwani,** Bretlandi/Indlandi; **Hanif Kureishi,** Bretlandi/Pakistan; **Oksana Zabuzhko,** Úkraínu; **T. C. Boyle,** Bandaríkjunum; **Jeffrey Eugenides,** Bandaríkjunum; **Claire Messud,** Bandaríkjunum; **Jane Smiley,** Bandaríkjunum; **Eliot Weinberger,** Bandaríkjunum.

Um 500 rithöfundar og aðrir listamenn hafa undirritað yfirlýsinguna. Sjá má nöfn þeirra á Vísi.

**Hægt er að undirrita yfirlýsinguna á change.org/surveillance.**


Ýlir – Tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk hefur það að markmiði að styðja ungt tónlistarfólk og veita því tækifæri til að koma fram í Hörpu. Sjóðurinn styður við verkefni af ólíkum toga og vill þannig ýta undir fjölbreytt tónlistarlíf í húsinu.

ÝLIR
TÓNLISTARSJÓÐUR
HÖRPU FYRIR UNGT FÓLK

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

FREKARI UPPLÝSINGAR Á YLIR.IS

YLIR.IS

# Borðbúnaður og réttu tólin í Bosch-búðinni fyrir jólin

**Magisso**
Kökuþjónar úr plasti. Fáanlegir í nokkrum litum.
**Verð: 4.900 kr.**







**Koizol**
*Snap*. Samfellanleg skurðarbretti úr vistvænu plasti. Fáanleg í mörgum litum.
**Verð: 4.480 kr.**



**Muurla**
Múmínbollar.
Nokkrar stærðir og mismunandi myndir. Léttir, sterkir og endingargóðir. Gerðir úr glerungshúðuðu matvælastáli.
**Verð frá: 2.900 kr.**




**Magisso**
Flöskukælir. Heldur köldu í marga klukkutíma. Sniðug gjöf.
**Verð: 9.900 kr.**



**Stadler Form**
Falleg raka- og lofthreinsitæki í miklu úrvali.
Auka loftgæði og koma í veg fyrir myglusvepp.
**Verð frá: 19.900 kr.**

reddot design award

**Bosch**
Ryksugur
BGL 35MOV11 (blá)
BGL 35MOV12 (gul)
**Jólaverð: 29.900 kr.**
Fullt verð: 37.900 kr.





**Bosch**
Handþeytarar
MFQ 353/1/2/3
Fáanlegir í þremur litum.
**Jólaverð: 7.200 kr.**
Fullt verð: 8.900 kr.

**Bosch**
Töfrasprotar
MSM 625/3/1/2
Kraftmiklir og hljóðlátir.
Fáanlegir í þremur litum.
**Jólaverð: 7.200 kr.**
Fullt verð: 8.900 kr.



Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Öll tilboð gilda til jóla eða á meðan birgðir endast.

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090



Elsku mamma okkar,

**GUÐBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR**

lést á Droplaugarstöðum sunnudaginn 8. desember sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju, mánudaginn 30. desember kl. 13.00.

**Margrét og Guðrún Ína Einarsdætur.**

---





Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og bróðir,

**HAFLIÐI ALFREÐ KARLSSON**

er látinn.

Ástkær bróðir okkar,

**ÞORSTEINN KARLSSON**

er látinn.

Útför bræðranna verður auglýst síðar.

**Kristín Rúnarsdóttir**
**Karl Jóhann Hafliðason**
**Sveinn Óskar Hafliðason**
**Þórdís Natalía Karlsdóttir**
**Ragnar Karlsson**
**Ragna Karlsdóttir**
**Guðmundur Karlsson**
**Magnús Karlsson og fjölskyldur.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**DAVÍÐ GUÐMUNDSSON**
**Hæðargarði 33, Reykjavík, áður bóndi í Miðdal, Kjós,**

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ laugardaginn 7. desember. Útförin auglýst síðar.

**Fanney Þ. Davíðsdóttir**
**Hulda Þorsteinsdóttir** **Aðalsteinn Grímsson**
**Kristín Davíðsdóttir** **Gunnar Rúnar Magnússon**
**Guðbjörg Davíðsdóttir**
**Katrín Davíðsdóttir** **Sigurður Ingi Geirsson**
**Sigríður Davíðsdóttir** **Gunnar Guðnason**
**Guðmundur H. Davíðsson** **Svanborg Anna Magnúsdóttir**
**Eiríkur Davíðsson** **Sólveig Unnur Eysteinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



Hjartkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir, stjúpmóðir, amma, systir og mágkona,

**HALLDÓRA BERGÞÓRSDÓTTIR**
**Litlahjalla 1,**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 11. desember kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið eða líknarfélög.

**Andrés Andrésson**
**Ólafía Sigurðardóttir**
**Andrés Andrésson**
**Íris Andrésdóttir** **Anna Rut Guðmundsdóttir**
**Bergþór Andrésson** **Erla Björk Tryggvadóttir**
**Jón Þór Andrésson** **Erla Erlendsdóttir**
**Eyjólfur Bergþórsson**
**Nanna Bergþórsdóttir** **Ólafur Kjartansson**
**og barnabörn**

---




Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

---

# Héldu upp á stafræn jól í Edinborgarhúsinu

**Nútímajólum í allri sinni dýrð var fagnað á Ísafirði á laugardaginn. Gestum og gangandi bauðst meðal annars að senda jólasveininum tölvupóst og dansa við jólateknótónlist.**

„Þetta var í fyrsta skipti sem haldið var upp á Digital jól hér í Edinborgarhúsinu og tókst mjög vel til. Okkur þótti það skemmtilegur vinkill að taka nútímajól fyrir og sýna hvernig tæknin og tölvurnar hafa haft áhrif á jólahaldið," segir Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, verkefna- og rekstrarstjóri Edinborgarhússins á Ísafirði, þar sem dagskráin Digital jól fór fram á laugardaginn. Þar bauðst gestum og gangandi að senda jólasveininum tölvupóst, fara í jólatölvuleiki, dansa við jólateknótónlist og ýmislegt fleira.

Hluti af dagskránni í Bryggjusal Edinborgarhússins fór fram í gegnum Skype þar sem Rakel Sævarsdóttir, brottfluttur Vestfirðingur, rifjaði upp jólin í Hnífsdal fyrir margt löngu þar sem alltaf var gott veður þegar gengið var á milli húsa til að hitta fjölskyldu og vini. „Sumir áttuðu sig ekki á því að þetta væri í beinni útsendingu, sérstaklega eldri kynslóðin, en okkur fannst skemmtilegt að sýna hvaða hlutverki Skype gegnir á jólunum hjá mörgum nú til dags. Margir sem búa erlendis eru bara með fjölskyldum sínum á Skype á jólunum," segir Ólöf Dómhildur og bætir við að auk fyrrnefndra þátta hafi verið hannað sérstakt QR-kóðadagatal sem gestum bauðst að opna. Þá hafi einnig hefðbundnari jólaskemmtanir eins og jólaföndur verið á boðstólum, en þá með hjálp nútímatækni því að á föndurborðunum voru tölvur sem sýndu YouTube-myndband þar sem kennt var að búa til gamaldags sænsk jólahjörtu.



**ÍSAFJÖRÐUR** Gestir skemmtu sér konunglega við að fagna nútímajólum á Ísafirði um helgina. MYND/ÓLÖF DÓMHILDUR

„Ég veit ekki hvort það verður svipað þema hér í Edinborgarhúsinu fyrir næstu jól en það verður örugglega eitthvað spennandi," segir Ólöf Dómhildur.

---



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**STEINÞÓRA ÞÓRISDÓTTIR**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 17. desember kl. 15.00.

**Halldóra Halldórsdóttir Adler** **Jeremy Adler**
**Anna Birna Halldórsdóttir**

---



Eiginkona mín,

**ÁSTA L. S. TÓMASDÓTTIR**
**Hvassaleiti 22,**

lést laugardaginn 7. desember sl.

**Einar Sigurðsson**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÉTUR JÓHANNSSON**
**Langholti 8, Keflavík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 4. desember.

**Sveinbjörg V. Karlsdóttir**
**Guðrún Pétursdóttir**
**Ingunn St. Pétursdóttir** **Kristinn Sverrisson**
**Sævar Pétursson** **Matthildur Einarsdóttir**
**Bragi Guðmundsson** **Valgerður Þorvaldsdóttir**
**Pétur Pétursson** **Sigríður K. Steinarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur unnusti minn, sonur og bróðir,

**RÍKHARÐUR KARLSSON**
**Eyrarholti 7,**
**220 Hafnarfirði,**

sem lést af slysförum þann 1. desember síðastliðinn verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þann 13. desember kl. 13.00.

**Guðrún Edda Þórðardóttir**
**Gestný Bjarnadóttir**
**Karl J. Karlsson**
**Kristófer, Kristinn, Sigurður, Hákon, Jóhann, Birgir, mágkonur og frændsystkini.**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÓLAFAR PÉTURSDÓTTUR**
**Bugðulæk 12, Reykjavík.**

Kærar þakkir til allra þeirra er önnuðust hana í veikindum hennar.

**Þorsteinn Ólafsson**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Friðrik Jónsson**
**Pétur Þorsteinsson** **Kristín Ármannsdóttir**
**Jóna Þorsteinsdóttir** **Sveinn Jóhannsson**
**Heiðdís Þorsteinsdóttir** **Pálmi Egilsson**
**Þorsteinn Ólafur Þorsteinsson** **Svana Berglind Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn,

**EINAR GUÐMUNDSSON**
**Seftjörn, Barðaströnd,**
**lést 5. desember.**

Kveðjuathöfn verður í Áskirkju miðvikudaginn 11. desember kl. 15. Jarðarförin fer fram frá Brjánslækjarkirkju laugardaginn 14. desember kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarsjóð Samtaka um kvennaathvarf, kt. 410782-0229 br. 101-26-43227.

**Fyrir hönd fjölskyldu okkar,**
**Bríet Böðvarsdóttir**

---



Ástkær dóttir okkar, móðir og systir,

**BERGLIND HEIÐA GUÐMUNDSDÓTTIR**

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 12. desember kl. 13.00.

**Bjarnheiður Einarsdóttir**
**Guðmundur Sigursteinsson**
**Bjarnheiður Ninja Sigmundsdóttir**
**Sæunn Árný Sigmundsdóttir**
**Kristján Már Hilmarsson**
**Helga Nanna Guðmundsdóttir**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT S. GUNNARSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**
**áður til heimilis að Mýrarási 10,**

lést á Hrafnistu í Kópavogi laugardaginn 7. desember.

**Halldór K. Kjartansson**
**Daði Már Kristófersson** **Ásta Hlín Ólafsdóttir**
**Ágústa Kristófersdóttir** **Óli Jón Jónsson**
**Gísli Kort Kristófersson** **Auðbjörg Björnsdóttir**
**Gunnar Tómas Kristófersson** **Katharina Schumacher**
**og barnabörn.**



## HOLLT UM JÓL

**Margir búa til lifrarpaté fyrir jólin eða gæða sér á því á jólahlaðborðum. Lifrarpaté er ríkt af A-vítamíni og er því gott fyrir líkamann. A-vítamín er nauðsynlegt fyrir húðina, sjónina og meltingarveginn. Lifur, egg, ostur og smjör eru fæðutegundir sem eru ríkar af A-vítamíni.**

Hausverkur Ekki þjást MigreLief
Mígreni.is
MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn








GLÆSILEGT
fyrir allar konur

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
opið lau 14.des kl. 10-16
opið lau 21.des kl. 10-18
opið Þorláksmessu kl. 10-20
Vertu vinur

# ÞARFTU AÐ PISSA OFT Á NÓTTUNNI?

**GENGUR VEL KYNNIR** *ProStaminus er gríðarlega spennandi náttúrulegt efni fyrir karlmenn sem hafa einkenni góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli.*

Margir karlmenn gefa þessu ekki gaum strax en þrengingin og þrýstingurinn sem verður á þvagrás af völdum stækkunar kirtilsins getur m.a. leitt til kraftminni þvagbunu, tíðra þvagláta, erfiðleika við að tæma þvagblöðru og fleira. Í ProStaminus sameinast hefðir og nýsköpun. Það inniheldur einstaka blöndu hörfræja, graskersfræja og granatepla sem er mikilvæg til að viðhalda góðum blöðruhálskirtli og þvaglátum út ævina. Talið er að flestir karlmenn finni fyrir einkennum góðkynja stækkunar blöðruhálskirtils einhvern tímann á ævinni og algengast er að það gerist eftir að 50 ára aldri er náð en kemur þó fyrir hjá yngri mönnum líka.

**GÓÐUR NÆTURSVEFN**

Ekkert jafnast á við góðan nætursvefn og gefur þetta nýja efni karlmönnum góða von um bættan svefn og ekki síður mökum þeirra sem eiga við þetta algenga vandamál að stríða. Inntaka á ProStaminus er mjög einföld en það þarf einungis 2 töflur á dag, helst með kvöldmat og finna flestir mun innan mánaðar en sumir þurfa að gefa sér u.þ.b. 3 mánuði til að sannreyna að ProStaminus gagnist.

„Þvagbunan var farin að slappast og ég þurfti oft að pissa á næturnar. Á daginn var orðið afar þreytandi að þurfa sífellt að fara á klósettið og svo þegar maður loksins komst á klósettið þá kom lítið sem ekkert! Ég tek eina töflu á morgnana og aðra á kvöldin og finn að ég þarf sjaldnar að pissa á næturnar. Bunan er orðinn miklu betri og klósettferðirnar á daginn eru færri og áhrifaríkari,“ segir Halldór Rúnar Magnússon, eigandi HM flutninga.






**ÁNÆGÐUR** Halldór Rúnar Magnússon, eigandi HM flutninga, er ánægður með ProStaminus.

**ÚTSÖLUSTAÐIR**
***Flest apótek, heilsubúðir, Hagkaup og Fjarðarkaup. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.***




Flottar jólagjafir
Mikið úrval - Góð verð
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,**
sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512-5447









# HLAÐBORÐ FYRIR SMÆRRI HÓPA

**HÖFNIN KYNNIR** *Veitingastaðurinn Höfnin hjálpar smærri fyrirtækjum og heimilum að halda Litlu jólin hátíðleg með því að bjóða upp á glæsilegt ekta jólahlaðborð. Maturinn er tilbúinn beint á borðið og aðeins þarf að hita sósur.*

Veitingastaðurinn Höfnin er fjölskyldufyrirtæki rekið af hjónunum Brynjari Eymundssyni og Elsu Guðmundsdóttur. Hjá þeim starfa synir þeirra, Logi yfirmatreiðslumaður og Andri sem er þjónn.

Samhliða veitingastaðnum eru þau með veisluþjónustu sem býður upp á nokkuð sem kallast Litlu jólin. „Litlu jólin eru smærri matarbakkar fyrir fjóra með glæsilegum jólahlaðborðsmat en án eftirrétta og tilbúnir beint á borðið. Nóg er að vera með örbylgjuofn til að stinga sósum í en þær koma í sér ílátum," segir Brynjar.

Hugmyndin að Litlu jólunum hjá þeim hjónum á Höfninni kemur til af gamalli reynslu af jólahlaðborðum til margra ára „Við tókum eftir því að það var eftirspurn eftir minni jólahlaðborðum fyrir fyrirtæki og inn á heimili. Bakkarnir eru tilvaldir eftir vinnu á kaffistofuna, heimilið, í fjölskylduboðið, vinahópinn eða hvar sem hópur fólks er samankominn."

Á Litlu jólamatarbökkunum er flest það að finna sem gott jólahlaðborð þarf að bjóða: síld, lax, kalkúnabringa, hamborgarhryggur, hangikjöt, paté, kartöflur og uppstúf, rauðvínssósa, eplasalat og fleira góðgæti. „Við erum aðeins með fyrsta flokks hráefni og bakkarnir eru glæsilega útbúnir og skreyttir. Það kemur ekkert annað til greina en að allt líti vel út, enda skiptir það miklu máli er halda skal veislu."

Panta þarf matarbakka Litlu jólanna með góðum fyrirvara, ekki styttri en tveggja daga.

**LITLU JÓLIN**
Hér er Brynjar ásamt sonum sínum, Loga og Andra, með glæsilegu matarbakkana sem kallast Litlu jólin.
MYND/VILHELM

**PÖNTUN**
***Hægt er að panta Litlu jólin á heimasíðu Hafnarinnar www.hofnin.is eða í síma 5112300.***




HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

# REYKINGAR GERA ANDLIT ELDRI



**VARHUGAVERT**
Þeir sem byrja ungir að reykja hafa litlar áhyggjur af vanheilsu og slæmu útliti þegar þeir eiga lífið framundan. Rannsóknir sýna þó að ótímabær öldrunaráhrif geta komið hratt fram þegar árin færast yfir.

Reykingar valda ótímabærri öldrun á andliti þess sem reykir. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar sem gerð var við lýtalækningadeild Case Western Reserve-háskólans í Ohio. Úrtakið var 79 tvíburapör á aldrinum 19 til 78 ára. Skoðaður var útlitsmunur á andlitum tvíbura þar sem annar reykti en hinn ekki. Myndir voru teknar af tvíburunum og skipt í tvo mismunandi flokka. Í öðrum flokknum voru myndir af 45 pörum tvíbura þar sem annar tvíburinn reykti en hinn ekki. Í hinum flokknum voru myndir af tvíburapörum þar sem annar tvíburinn hafði reykt að minnsta kosti fimm árum lengur en hinn.

Niðurstöðurnar voru sláandi. Í fyrri hópnum sýndist tvíburinn sem reykti vera 57 prósent eldri en hinn og í seinni hópnum sýndist sá tvíburi sem reykt hafði lengur vera 63 prósent eldri. Þetta sýnir fram á að öldrunareinkenni geta komið hratt fram, eða á aðeins fimm árum.

Dr. Bahman Guyuron, sem stjórnaði rannsókninni, segir rannsóknina staðfesta margt af því sem áður hefur komið fram með óyggjandi og vísindalegum hætti.

„Hefðum við fylgst enn lengur með tvíburunum hefði útlitsmunur þeirra aukist enn meir."

Í rannsókninni var einnig tekið tillit til annarra þátta sem valda ótímabærri öldrun, eins og áfengis, streitu og notkunar sólarvarna, en niðurstöður hennar voru birtar í tímaritinu Plastic and Reconstructive Surgery.

„Reykingar hamla framleiðslu kollagens og valda niðurbroti þess í húðinni. Það dregur verulega úr teygjanleika húðar, auk þess sem nikótín þynnir hörund til muna. Af þeim orsökum koma ótímabær áhrif öldrunar fyrr fram en ella," segir dr. Guyuron.

# GJAFABRÉF

ÞRIÐJUDAGUR 10. DESEMBER 2013

## Gefandi gjafir

**Gott er að hugsa til þeirra sem minna mega sín um jólin. Mörg samtök bjóða fólki að kaupa gjafakort með gefandi gjöfum.** **SÍÐA 2**

## Hugað að gildistíma

**Mikilvægt er að gera sér grein fyrir gildistíma gjafakorta og nota kortin fyrr en síðar.** **SÍÐA 3**

## Skreyttar piparkökur

**Fallega skreyttar kökur eru fín jólagjöf og gaman að láta þær fylgja með gjafakortinu.** **SÍÐA 6**



# Góðar gjafir fyrir sálartetrið

Jólin eru tími ofgnóttar í mat, drykk og gjöfum. Þá er gott að stíga eitt skref til baka og hugleiða mikilvægi þess að gefa til þeirra sem minna mega sín. Margt má gera til að létta öðrum lífið. Hér eru nokkrar gjafir sem geta veitt mikla gleði ekki síst í sál gefandans.

### Gjöf sem gefur

**www.gjofsemgefur.is**

Í gjafaverslun Hjálparstarfs kirkjunnar er hægt að fá vörur sem fást hvergi annars staðar. Þar má finna gjafir sem geta umbreytt lífi fátæks fólks. Gefandinn velur gjöfina og ákveður þannig í hvað peningarnir fara. Gjafirnar skiptast í fjóra flokka, 1. Börn leyst úr vinnuánauð og börn styrkt til náms. 2. Ungmenni læra til að tryggja betur framtíð sína. 3. Húsdýr, öflugri jarðrækt og umhverfisvernd og 4. Vatn og heilsa – grunnur að öllu öðru. Ef keypt er geit getur gefandinn verið viss um að peningurinn fer beint í húsdýra- og jarðræktarverkefnið. Ef keypt er vatn fara peningarnir í að útvega fólki hreint vatn eða annað það sem stuðlar að betri heilsu þess.



Á gjofsemgefur.is er til dæmis hægt að kaupa geit til að gefa fátækum bændum.

### Sannar gjafir UNICEF

**www.unicef.is**

Sannar gjafir eru raunverulegar gjafir sem breyta lífi nauðstaddra barna. Gjöfunum, sem keyptar eru í vefverslun UNICEF, er dreift til barna og fjölskyldna þeirra í samfélögum þar sem þörfin er mest árið um kring.

Þegar keypt er sönn gjöf handa vini eða fjölskyldumeðlim fær viðtakandinn persónulegt gjafabréf með ljósmynd eða lýsingu á gjöfinni. Varan verður því næst send frá vöruhúsi UNICEF í Kaupmannahöfn til einhvers af þeim 155 löndum sem Barnahjálpin starfar í, allt eftir því hvar þörfin er mest.

Gjafaúrvalið er fjölbreytt. Þar má nefna bóluefni gegn mænusótt, moskítónet, bóluefni gegn mislingum, ormalyf, námsgögn, fótbolta, næringarmjólk, orkukex, ungbarnavigt, gefandi gjafakörfu, vatnshreinsitöflur, jarðhnetumauk, reiðhjól, skóla í kassa, vatnsdælu og mótorhjól.

### Gjafabréf ABC

**www.abc.is**

ABC barnahjálp er íslenskt hjálparstarf sem var stofnað árið 1988 með þann tilgang að veita nauðstöddum börnum varanlega hjálp og vera farvegur fyrir framlög gjafmildra Íslendinga. ABC starfar í átta löndum Afríku og Asíu þar sem rekin eru heimili og skólar fyrir um 11.000 fátæk börn og götubörn. Hægt er að kaupa gjafabréf á vefsíðu samtakanna. Þau má prenta út eftir greiðslu eða sækja á skrifstofu ABC. Einnig er hægt að kaupa minningargjöf eða gerast stuðningsaðili með því að styðja eitt af þeim börnum sem í dag vantar stuðning.



Gefandi gjafakarfa UNICEF kostar 4.786 kr. Karfan er sneisafull af hjálpargögnum, til dæmis 38 pakkar af vítamínbættu jarðhnetumauki, bóluefni sem verndar 25 börn gegn lífshættulegum sjúkdómi, ormalyf sem hjálpa 150 börnum að vinna bug á sníkjudýrasýkingu og námsgögn fyrir 20 börn.

### Vörur til styrktar Rauða krossinum

**www.redcross.is**

Hægt er að styrkja Rauða krossinn með ýmsum hætti. Mannvinir styðja með mánaðarlegum greiðslum langtímahjálparstarf Rauða krossins, einkum í Afríku. Með því að senda minningarkort Rauða krossins á Íslandi má styrkja starf Rauða krossins til hjálpar bágstöddum. Þá er hægt að kaupa Rauðakrossvörur til að styrkja starfið, til dæmis leikfangabíl úr viði, Hugleiksboli og skyndihjálpartösku.



Nýjasta vara Rauða krossins eru bolir með teikningum eftir Hugleik Dagsson. Bolirnir eru seldir í verslunum Dogma og hjá Rauða krossinum Efstaleiti 9.

### Pakkajól

Í fjölmörg ár hefur fólk verið hvatt til að láta gott af sér leiða og kaupa eina aukajólagjöf og setja undir jólatré bæði í Kringlunni og Smáralind. Gjafirnar eru ætlaðar þeim sem ekki hafa efni á að kaupa jólagjafir fyrir sína nánustu og munu fulltrúar frá Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarfi kirkjunnar sjá um að koma gjöfunum til þeirra sem á að gleðja.

Við þjónustuborð verslunarmiðstöðvanna er innpökkunaraðstaða. Á merkimiða er síðan merkt við hvort gjöfin henti dreng eða stúlku og á hann er skrifað fyrir hvaða aldur gjöfin hentar.



Með því að kaupa aukagjöf og setja undir jólatré í Smáralind eða Kringlunni má gleðja mörg börn.



Notaðu hugmyndaflugið.

## *Leysa ýmsan vanda*

**Gjafabréf geta** leyst ýmiskonar vanda og gagnast til að mynda þeim sem vilja gefa fatnað enda erfitt að velja föt á aðra. Stundum hentar þó ekki að tengja bréfið ákveðinni verslun eða verslunarmiðstöð. Tökum dæmi:

**Þig langar** kannski til þess að ástvinur eignist loks hlýja og góða yfirhöfn. Ef þú kaupir gjafabréf í verslunarmiðstöð er hætt við því að það verði notað í eitthvað annað og veljirðu tiltekna verslun takmarkast úrvalið við þær yfirhafnir sem þar fást. Þá gagnast jafnvel betur að útbúa heimatilbúið bréf en með slíku bréfi má jafnframt tryggja að viðtakandinn fái meira fyrir peninginn enda alkunna að allt fer á útsölu korter yfir jól.

**Heimatilbúna gjafabréfið** gæti hljómað svona:

*Handhafi þessa bréfs á að kaupa sér hnausþykka og hlýja yfirhöfn fyrir xx.xxx krónur. Hún má vera úr hvaða verslun sem er en skal vera fundin fyrir 15. janúar. Undirrituð/aður þarf að leggja blessun sína yfir valið og mun að því loknu reiða fram greiðslu.*

**Hægt er** að skreyta bréfið með ýmsum hætti og gera persónulegt. Svo er flott að rúlla því upp og loka með slaufu eða innsigli.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, 512 5432, sverrirbirgir@365.is
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Gjafabréf í Fish Spa Iceland í pakkann

Fish Spa á Hverfisgötu 98 býður upp á tuttugu mínútna fiskafótsnyrtingu með Garra Rufa-fiskunum sem er einstök upplifun.

Garra Rufa-fiskarnir eru ferskvatnsfiskar og eru mjög vinsælir út um allan heim fyrir að gefa örnudd sem gerir húðina ótrúlega mjúka og slétta. Þá þykir meðferðin er afar róandi.

„Við þökkum kærlega fyrir góðar viðtökur og gaman er að sjá hvernig Íslendingar hafa tekið Fish Spa á Íslandi," segir Hallgrímur Andri Ingvarsson, framkvæmdastjóri Fish Spa Iceland sem var opnað í júní á þessu ári. „Nánast hver einasti viðskiptavinur okkar hefur verið ótrúlega sáttur við meðferðina og margir eru farnir að koma reglulega og kunna vel við," segir hann en Fish Spa Iceland er einstakur staður fyrir þá sem hugsa vel um líkama og sál og vilja láta sér líða vel. „Við bjóðum upp á róandi og slakandi umhverfi þar sem allir fara út endurnærðir með bros á vör."

Gjafabréf í Fish Spa er tilvalin jólagjöf sem kemur á óvart. „Þau henta fyrir hópa, vinkonur, steggja- og gæsapartí, öll rómantísk tilefni eða einfaldlega fyrir þá sem vilja koma í dekur," segir Hallgrímur. Hann bendir á að Fish Spa verði með jólabása í Glæsibæ og Smáratorgi frá 10. desember fram að jólum þar sem fólk getur keypt gjafabréf. Þá getur fólk einnig komið við á Hverfisgötu 98, á horni Hverfisgötu og Barónsstígs, við hliðina á Argentínu steikhúsi.

„Á næsta ári munum við bjóða upp á nýjung þar sem fólk getur komið í handsnyrtingu með Garra Rufa-fiskunum. Við erum búin að setja upp sérstakar stöðvar þar sem fólk getur fengið sér sæti og sett hendurnar þægilega ofan í stórt fiskabúr þar sem 200 Garra Rufa-fiskar sjá um að snyrta fingurna."




Hallgrímur Andri Ingvarsson við fiskabúrin þar sem Garra Rufa fiskarnir svamla um í góðu yfirlæti. MYND/GVA

# Huga þarf að gildistímanum

Mikill fjöldi gjafakorta er gefinn út hérlendis á hverju ári. Þótt afgreiðsla þeirra gangi í flestum tilfellum vel þarf að huga að nokkrum þáttum. Mikilvægast er að gera sér grein fyrir gildistíma þeirra og skynsamlegt er að nýta þau fyrr en seinna.

Mestu máli skiptir fyrir kaupendur gjafakorta, og um leið þeirra sem nota þau, að vera með gildistíma þeirra á hreinu að mati Kristínar H. Einarsdóttur, fulltrúa hjá Neytendasamtökunum. Hún hvetur einnig handahafa slíkra gjafakorta til að nýta þau sem fyrst því alltaf sé hætta á því að viðkomandi verslun og fyrirtæki loki eða fari jafnvel í þrot. „Þótt notkun gjafakorta hérlendis gangi yfirleitt vel fyrir sig þurfa notendur þeirra að vera á varðbergi enda að ýmsu að huga. Það er í raun alltaf seljandinn, þ.e. verslunin sjálf, sem ræður gildistíma kortsins enda gefur hann það út. Um leið er það á ábyrgð kaupandans þegar kortið er keypt að athuga hversu langur gildistími er á því.“

Hún segir seljendum ekki skylt að tilgreina gildistíma kortsins en nauðsynlegt sé þó að tilgreina útgáfudag þess. „Sé eingöngu útgáfudagur á gjafakortinu gildir það í fjögur ár sem er almennur fyrningarfrestur. Ef gildistími er hins vegar tilgreindur á kortinu sem er skemmri en fjögur ár gildir hann.“

## Engin almenn lög til

Við eigum á íslensku nýlega þýðingu á Frankenstein og tiltölulega nýlega þýðingu á Dr. Jekyll og Mr. Hyde en Drakúla hefur aldrei verið þýdd í fullri lengd," segir rithöfundurinn Þorsteinn Mar, einn af forsprökkum bókaútgáfunnar Rúnatýs, spurður hvað komi til að þeir hafi ráðist í að fá Gerði Sif Ingvarsdóttur til að þýða Drakúla eftir Bram Stoker. „Bókin er til í endursögn Valdimars Ásmundssonar en upphaflega sagan hefur aldrei komið út á íslensku og við vildum bæta úr því."

Þorsteinn segist bjartsýnn á að lesendur fagni þessari útgáfu. „Miðað við það hvernig bókin hefur gengið í hinum enskumælandi heimi, þar sem stöðugt er verið að endurprenta hana, er eðlilegt að draga þá ályktun að sagan eigi alltaf jafn mikið erindi. Þetta er bara þannig saga."

Blóðsugur hafa verið áberandi í afþreyingarefni undanfarin ár en Þorsteinn segist þó telja að sú bylgja sé að dala. „Vissulega hefur borið á ákveðnu vampýruþema, en mér sýnist megnið af því vera komið á síðustu metrana. Drakúla rís hins vegar upp fyrir það sem fyrsta alvöru vampýrusagan sem löngu er orðin klassík. Hún er líka svo miklu meira en bara vampýrusaga; hún er innrásarsaga og hafði á sínum tíma mjög róttækt viðhorf til stöðu kvenna, svo dæmi séu tekin, og það er svo ótalmargt í þessari sögu sem er áhugavert og skemmtilegt."

Bókin kom fyrst út árið 1897 og Þorsteinn segir viðtökurnar hafa verið dræmar í fyrstu. „Hún fékk ágætis gagnrýni en það er ekki fyrr en upp úr 1923 sem til verður eitthvert „hæp" í kringum Drakúla."

Sagan hefur lítið dalað í vinsældum síðan og fjölmargar bíómyndir fjalla að meira eða minna leyti um greifann blóðþyrsta. Þorsteinn segir þó hina raunverulegu sögu aldrei hafa ratað á hvíta tjaldið. „Jafnvel þótt Francis Ford Coppola hafi gert Bram Stoker's Dracula á sínum tíma finnst mörgum harðkjarna-Drakúlaaðdáendum enn vanta Drakúlamynd sem er algjörlega byggð á bókinni. Það jafnast nefnilega engin af öllum þessum kvikmyndum á við það að lesa söguna sjálfa."

fridrikab@frettabladid.is



**ÚTGEFANDINN** Þorsteinn Mar segir enga af öllum þeim bíómyndum sem gerðar hafa verið um Drakúla komast í hálfkvisti við söguna sjálfa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói
Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is
SPARTAKUS (1977)
*Júríj Grigorovítsj*, hinn margrómaði rússneski dansari, danshöfundur og fyrrverandi stjórnandi Bolshoi ballettsins í Moskvu, samdi þennan ballett við tónlist Arams Khatsjatúrjans. Vitundarvakning skylmingaþrælsins Spartakusar verður til þess að hann safnar liði og leiðir þrælauppreisnina gegn hershöfðingjanum Krassusi og ofríki hans en verður að lúta í lægra haldi fyrir ofurefli rómverska hersins.

Aðventutónleikar
KARLAKÓRS REYKJAVÍKUR
í 90 ár
Í HALLGRÍMSKIRKJU LAUGARDAGINN 14. DESEMBER KL. 17.00
OG SUNNUDAGINN 15. DESEMBER KL. 17.00 OG 20.00
EINSÖNGVARAR
KOLBEINN JÓN KETILSSON, TENÓR
BENEDIKT GYLFASON, DRENGJASÓPRAN
HLJÓÐFÆRALEIKARAR
LENKA MÁTÉOVÁ, ORGEL
ÁSGEIR H. STEINGRÍMSSON, TROMPET
EIRÍKUR ÖRN PÁLSSON, TROMPET
EGGERT PÁLSSON, PÁKUR
STJÓRNANDI
FRIÐRIK S. KRISTINSSON
MIÐASALA Á WWW.MIDI.IS, WWW.KKOR.IS OG
EYMUNDSSON KRINGLUNNI OG Í AUSTURSTRÆTI
MIÐAVERÐ KR. 4.900






**KEMUR EKKI** Fyrirlestri Heike Munder er frestað vegna veikinda.

## Fyrirlestur fellur niður

Fyrirlestri Heike Munder um femínisma í myndlist, sem vera átti í Hafnarhúsinu í kvöld, er frestað um óákveðinn tíma vegna veikinda fyrirlesarans.

Fyrirlestraröðin TALK Series mun halda áfram eftir jól en benda má þeim sem áhugasamir eru um Munder á að það var hún sem stýrði sýningu Ragnars Kjartanssonar The Visitors sem nú stendur yfir í Kling & Bang.

- fsb

## Jólastemning í Dómkirkjunni

Þau Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona, Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari, Kristján Karl Bragason píanóleikari og Grímur Helgason klarínettuleikari flytja tónlist sem tengist jólum og aðventu á hádegistónleikum í Dómkirkjunni í Reykjavík á morgun.

Á tónleikunum hljóma verk eftir Jórunni Viðar, Hugo Wolf, Frank Martin, Johannes Brahms og Georges Bizet. Tónleikarnir eru endurómur af tónlistarhátíðinni Bergmáli, sem fram fór á Dalvík um síðastliðna helgi, og hefjast klukkan 12.15.



HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR

# Fyrr var oft í koti kátt

TÓNLIST ★★★★☆

**Hljómaskálakvintettinn. Öxar við ána - ættjarðarlög**
SMEKKLEYSA

Ég byrjaði mína skólagöngu í Ísaksskóla. Vikan hófst yfirleitt á því að krakkarnir sungu lög á borð við Blessuð sértu sveitin mín, Fyrr var oft í koti kátt og Ó, blessuð vertu sumarsól. Á geisladiskinum Öxar við ána með Hljómskálakvintettinum er að finna mörg þessara laga. Þar eru þau þó ekki sungin af börnum, heldur leikin af fimm málmblásurum, þeim Ásgeiri H. Steingrímssyni, Sveini Þ. Birgissyni, Þorkatli Jóelssyni, Oddi Björnssyni og Bjarna Guðmundssyni. Fimmmenningarnir kalla sig Hljómskálakvintettinn.

Sjarmerandi fortíðarljómi er yfir því þegar góðir lúðrablásarar spila ættjarðarlög. Lúðrasveitir voru gríðarlega vinsælar í gamla daga á Íslandi, þ.e. eftir að Helgi Helgason tónskáld stofnaði Lúðurþeytarafélag Íslands árið 1876. Í seinni tíð fer minna fyrir þeim og fátítt að íslensk tónskáld semji verk fyrir þær.

Hljómskálakvintettinn samanstendur ekki af áhugafólki og nemendum eins og vaninn er með lúðrasveitir. Þetta eru allt fagmenn, með fremri hljóðfæraleikurum landsins. Útsetningarnar eru flestar eftir Ásgeir, annan trompetleikara hópsins. Þær eru prýðilega gerðar, líflegar og blæbrigðaríkar. Ólíkar raddir eru í skemmtilegu mótvægi hver við aðra. Heildarhljómurinn er þéttur, fínofinn og þægilegur áheyrnar.

Hljóðfæraleikurinn er framúrskarandi. Hann er tær og kraftmikill, fallega blátt áfram og fjörlegur. Túlkunin er dillandi og áleitin. Ég held að fólki hljóti að hlýna um hjartaræturnar að heyra gömlu lögin úr barnaskóla spiluð svona vel. Helsti gallinn við geisladiskinn er að maður fær lögin á heilann og getur ekki losnað við þau aftur!

**Jónas Sen**




**NIÐURSTAÐA:** Ættjarðarlögin eru hér í einkar vönduðum og notalegum búningi.








POPP TÍVÍ
STUÐIÐ Á HEIMA Á STÖÐ 3!
3
Rómantíkin
á heima á Bíóstöðinni um jólin
BÍÓ STÖÐIN
Íslensku þættirnir
Allt það ferskasta á einni stöð yfir hátíðarnar
GULL STÖÐIN
JÓLA-TILBOÐ
Net og heimasími fylgir!
Skemmtipakkinn
2
3
Krakka stöðin
GULL STÖÐIN
BÍÓ

# Frábær hátíðardagskrá fyrir alla fjölskylduna!

Við höfum skreytt stöðvarnar okkar sex með frábærri dagskrá fyrir hátíðarnar. Stöðvarnar skarta vönduðum og skemmtilegum þáttum og kvikmyndum fyrir alla fjölskylduna.

**Komdu í áskrift og gerðu gleðilega hátíð enn skemmtilegri!**

Kynntu þér tilboðin nánar í verslun okkar í Skaftahlíð 24 eða í sölubás okkar á jarðhæð Kringlunnar.

**Þjónustuver 512 5100**
**Nánar á 365.is**

Krakka stöðin · GULL STÖÐIN · BÍÓ STÖÐIN · POPP TÍVÍ






**Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár! Nánar á 365.is**

Enginn binditími fyrir internet og heimasíma



# Færri dívur hjá 1860

Meðlimir rokksveitarinnar 1860 eru jóladrengir.

„Það má segja að þetta verði yfirvegaðri útgáfa af Frostrósa-tónleikunum,“ segir Gunnar Jónsson, bassaleikari og söngvari hljómsveitarinnar 1860 en sveitin heldur jólatónleika á Rósenberg klukkan 21 í kvöld. „Færri dívur, meiri kósíheit og nánd, en jafn jólalegt. Við erum allir miklir jóladrengir.“

„Við höfum oft haldið tónleika á Rósenberg áður, en í þetta sinn hafði eigandi staðarins samband við okkur eftir að hafa heyrt okkur taka jólalög í útvarpinu hjá Óla Palla í Stúdíói tólf um daginn.“ - ue



**AÐVENTUFJÖR** Hljómsveitin 1860. MYND/PORMAR VIGNIR GUNNARSSON









**STUÐ Í HÆSTU HÆÐUM** Athafnamennirnir Skúli Mogensen og Jakob Frímann Magnússon tóku listakonuna Hörpu Einarsdóttur upp á sína arma. MYNDIR/BRYNJAR SNÆR

# Skúli og Jakob héldu á Hörpu Einarsdóttur

Það var gríðarlegt stuð á opnun sýningarinnar Móður&Mistur hjá listakonunni Hörpu Einarsdóttur. Verkin vann hún flest með blandaðri tækni og sýndi meðal annars teikningar, klippimyndir og stærri málverk. Fjölmargir góðir gestir lögðu leið sína í opnunina og vakti mikla lukku þegar athafnamennirnir Skúli Mogensen og Jakob Frímann Magnússon báru listakonuna á gullstól.



**STYÐJA SÍNA KONU** Snorri Engilbertsson, kærasti Hörpu, og Ýr Þrastardóttir.



**SMEKKMAÐUR** Geff var ánægður með sýninguna.



**REFFILEGUR** Hönnuðurinn Orri Finn lét ekki kuldann bíta sig.



**BROSMILDIR** Sævar Markús og Gotti í góðu stuði.



**KISS KISS** Harpa smellir kossi á Eygló Lárusdóttur.

## → Harpa í hnotskurn

**Harpa Einarsdóttir** útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands sem fatahönnuður árið 2005 og er hvað þekktust fyrir hönnun sína og myndlist undir nafninu Ziska. Harpa hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum og var meðal annars tilnefnd til norrænu Code-hönnunarverðlaunanna fyrir hönnun og persónusköpun í tölvuleiknum EVE Online fyrir CCP Games. Harpa stóð uppi sem sigurvegari í Reykjavík Runway hönnunarkeppninni árið 2011. Harpa hefur haldið allnokkrar myndlistarsýningar síðustu ár og tekið þátt í mörgum samsýningum á vegum muses.is, en þar eru verkin hennar einnig seld.

# NÝ OG FALLEG DRAUMAHÖLL
## FULL AF SPENNANDI JÓLAGJÖFUM



**MARS&MORE PÚÐAR**
Mikið úrval . **Verð frá kr. 4.990**




Jólabæklingurinn
er á husgagnahollin.is



**BODUM**
**HOT POT SETT**
Fullt verð kr. 6.990 **Jólatilboð kr. 4.990**







**BLOOMINGVILLE KERTASTJAKI**
**Verð kr. 2.490 stk.**



**BODUM**
**HNÍFASTANDUR**
Fullt verð kr. 9.990 **Jólatilboð kr. 6.990**

**SÖDAHL**
**VISKASTYKKI**
Mikið úrval.
**Verð kr. 1.490**





**ABIN INNSKOTSBORÐ**
3 stk saman. Fullt verð 29.990 **Jólatilboð kr. 24.990**

**SÖDAHL JÓLADÚKAR**
Mikið úrval. Breidd 140 cm. **Metraverð kr. 5.990**

**MARCUS BORÐSTOFUSTÓLL**
Margir litir. Fullt verð 7.990
**Jólatilboð kr. 6.990**

**DC 3600** – 2JA SÆTA SÓFI




**399.990**
GEGNHEIL EIK

**MORRISON** borðstofuborð. B:100 L:200 H:73 cm. Stækkanlegt í 358 cm með þremur stækkunum sem fylgja. Gegnheil sápu- eða olíuborin eik.



**DC 3600** 2ja sæta sófi.
Koníaksbrúnt leður allan hringinn.
Stærð: 143 x 80 H: 80 cm.

**259.990**
FULLT VERÐ 299.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –



**COPENHAGEN CANDLE** jólailmir í miklu úrvali.
**Verð frá 2.790 kr.**

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
**OG** Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| MACHETE KILLS VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 8 | 12 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 5 - 10:20 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:20 | 16 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 - 10.45 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| TÚRBÓ 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| MANDELA | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE PAST | KL. 10.15 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 10.45 | 16 |
| PRINCE AVALANCHE | KL. 5.50 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| MANDELA | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 6 | 16 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES 2 | 5, 7, 8, 10 | 12 |
| MANDELA | 7, 10 | 12 |
| PHILOMENA | 5 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | 5 | L |


# Þú og ég og jól

**BAKÞANKAR**
Söru McMahon



Bernskuminningar manns eiga ekki endilega neitt skylt við raunverulega atburði, minnið gæti hafa skolast til í áranna rás og stundum byggist minningin á upplifun einni saman. Þannig gæti vel verið að minningar mínar um jólasveinana séu alls ekki sannar, en ég ætla samt að gerast svo kræf að gera þær að umfjöllunarefni þessa pistils. Svona í tilefni jólanna.

**ÉG** man eftir einu skipti þar sem ég vaknaði og fann kartöflu í skónum mínum. Með jarðeplinu fylgdi illa rituð orðsending frá jólasveininum þar sem mér var tjáð að börn sem svara þreytandi, yngra systkini með hnefahöggi fái ekki gott í skóinn. Mér fannst óréttlæti heimsins mikið en reyndi eftir fremsta megni að haga mér gagnvart systkinum mínum eftir það, í það minnsta fram á aðfangadag.

**ÞAU** voru líka mörg kvöldin sem ég braut heilann um hvernig rauðklæddu sveinarnir fóru að því að klifra upp á fimmtu hæð til að lauma gotti, happaþrennu eða fimmtíu krónu peningi í skóinn minn. Þeir sveinar sem ég hafði hitt á jólaböllum virtust fæstir stíga í vitið og bar limaburður þeirra ekki vott um mikla lipurð.

**SVO** var það skiptið sem allra besta vinkona mín fékk fallega rautt vasadiskó í skóinn frá Kertasníki – ég man ekki hvað hann hafði gefið mér, en ég man að það var ekki rautt vasadiskó. Hér þótti mér Kertasníkir hafa gert mannamun með gjöfum sínum og krafðist svara. Foreldrar mínir útskýrðu fyrir mér að jólasveinninn hefði með þessu verið að reyna að gleðja vinkonu mína því hún átti ekki systkini eins og ég. Ég man ekki hvort ég tók þessa útskýringu góða og gilda, en líklega hef ég látið hana duga.

**ÞESSI** minning rifjaðist upp fyrir mér um helgina í kjölfar samræðna um jólasveina og jólahefðir. Í gær sá Neytendastofa svo tilefni til að minna Grýlusyni á að gera ekki mannamun á börnum – þótt þeir bræður stígi ekki í vitið hljóta þeir að geta tekið heilræðum sem þessum.





Bráðfyndin skáldsaga byggð á sönnum atburðum

Þetta gerðist svona, en samt ekki alveg ...

Á ofureinlægan hátt lýsir höfundur föðurhlutverkinu og öllu sem því viðkemur.

Kostuleg lýsing sem snertir streng hjá þeim sem lesa.

Bókin er einnig komin út í Þýskalandi og hefur hlotið frábærar viðtökur.

Salka

salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS








SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




**ERFIÐIR TÍMAR** Vin syrgir vin sinn Paul.

## Í rusli

Þegar hasarhetjan Vin Diesel fékk þær fregnir að vinur hans og meðleikari í The Fast and the Furious, Paul Walker, hefði farist í bílslysi flaug hann til Kaliforníu til að styðja móður hans, Cheryl Walker.

„Ég hélt að fjölskyldan þyrfti á mínum styrk að halda en ég gerði mér grein fyrir því að ég þurfti þeirra styrk þegar ég brotnaði niður fyrir framan þau. Móðir hans faðmaði mig og sagði að hún samhryggðist mér. Samhryggðist mér? Þú ert móðir sem missti son, sagði ég. Já, en þú misstir hinn helminginn af þér, sagði hún þá,“ skrifar Vin á Facebook-síðu sína. - lkg



**ÓSÁTT** Lady Gaga vill ekki fara á vetrarólympíuleikana.

## Döpur yfir ástandinu í Rússlandi

Söngkonan Lady Gaga vill að Bandaríkjamenn sniðgangi vetrarólympíuleikana sem verða haldnir í Sochi í Rússlandi á næsta ári.

„Mér finnst að við ættum alls ekki að fara á Ólympíuleikana. Mér finnst mjög rangt að svo mörg lönd styrki hagkerfi í landi sem virðir ekki réttindi samkynhneigðra,“ segir lafðin og bætir við að hún sé mjög döpur yfir því hve margir samkynhneigðir eru kúgaðir í Rússlandi. - lkg



**SEGIR SATT** Britney hefur farið til lýtalæknis.

## Játar lýtaaðgerðir

Söngkonan Britney Spears hefur oft blásið á þær sögusagnir að hún hafi látið lýtalækna lappa upp á líkama sinn. Í nýjasta hefti tímaritsins InStyle er hins vegar annað hljóð í poppprinsessunni.

„Ég hef látið sprauta í varirnar,“ segir Britney í viðtali við blaðið og bætir við að hún hafi oft nýtt sér þjónustu lýtalækna.

„Ég fer oft til lýtalæknis sem gerir ýmislegt skemmtilegt við mig,“ segir söngkonan án þess að fara nánar út í hvað felst í því. - lkg


Graceland
PRESENTS
Eldborg 24. apríl
Með hjálp nýjustu tækni
mun Elvis Presley sjálfur
flytja öll sín vinsælustu lög
ásamt stórri hljómsveit
og bakraddasöngvurum
Rödd Elvis og nærvera hans á tjaldinu er svo
kraftmikil og samspilið við tónlistamennina
og söngvarana á sviðinu svo samofið að eftir
nokkur lög getur þú nánast gleymt því að
Elvis er ekki þarna í eigin persónu.
Miðasala hefst næsta fimmtudag á
harpa.is / midi.is
og í síma
528-50 50
Elvis Presley
ON STAGE ®
INTERNATIONAL
ELVIS
TONIGHT
TONIGHT

# SPORT

## Guðbjörg mun semja við Potsdam



**FÓTBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir mun hafa vistaskipti um áramótin en hún hefur samið við eitt besta lið Evrópu – Turbine Potsdam.

„Ég er búinn að fá tölvupóst þar sem er staðfest að hún muni semja við Potsdam frá og með 1. janúar,“ sagði Arne Utvik, íþróttastjóri Avaldsnes, við norska fjölmiðla í gær.

Guðbjörg hefur verið í viðræðum við félagið upp á síðkastið og sagði í Fréttablaðinu í gær að hún vonaðist eftir því að loka málinu í dag. Það gekk eftir.

Hún verður annar Íslendingurinn til þess spila með þýska stórliðinu en Margrét Lára Viðarsdóttir varð þýskur meistari með félaginu á síðasta ári.

Liðið er sem stendur í öðru sæti þýsku deildarinnar og er einnig í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar. **- hbg**

## Möguleikarnir gegn Real Madrid góðir

**FÓTBOLTI** Ragnar Sigurðsson, miðvörður FC Kaupmannahafnar, hlakkar til að glíma við stórstjörnurnar í liði Real Madrid í lokaumferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar í kvöld.

Með sigri nær FCK þriðja sæti riðilsins svo framarlega sem Juventus skriki ekki fótur gegn Galatasaray. Þriðja sæti gefur sæti í 32-liða úrslitum Evrópudeildar eftir áramót.

„Ég tel möguleika okkar góða. Við erum alltaf miklu betri á heimavelli en útivelli. Völlurinn er ekki í góðu ástandi sem mun hjálpa okkur,“ segir Ragnar. FCK fékk ekki að æfa á vellinum í gær og líkti þjálfarinn, Ståle Solbakken, honum við kartöflugarð.

Ragnar verður að óbreyttu í byrjunarliðinu í kvöld og Rúrik Gíslason er klár í slaginn eftir að hafa meiðst lítillega í síðustu viku.

Ragnar minnir á að danska liðið hafi aldrei tapað á heimavelli í Meistaradeildinni.

„Það er því smá pressa á okkur að halda því gengi,“ segir Árbæingurinn sem segir skemmtilegt að fá að sýna hvað maður geti gegn þeim bestu í heimi.

„Ef maður stendur sig vel sést að maður getur spilað á þessu gæðastigi.“ **- ktd**



**Í GÆSLU** Ragnar í baráttu við Karim Benzema í fyrri leiknum á Spáni.
NORDICPHOTOS/GETTY





Háspenna á þriðjudagskvöldi

Manchester United eru efstir í riðlinum þegar þeir mæta feikisterku liði Shakhtar Donetsk sem berst fyrir framhaldslífi í bestu deild í heimi. Evrópumeistararnir í Bayern München mæta Kun Agüero og félögum í Manchester City og Galatasaray getur tryggt sig áfram með sigri á heimavelli gegn Juventus.

Ekki missa af knattspyrnuveislu kvöldsins á Stöð 2 Sport!

Í KVÖLD

| | | |
|---|---|---|
| Upphitun | 2 SPORT | 19:00 |
| Man. Utd.–Shakhtar Donetsk | 2 SPORT | 19:30 |
| Bayern München–Man. City | 2 SPORT 3 | 19:30 |
| Galatasaray–Juventus | 2 SPORT 4 | 19:30 |
| Meistaramörk | 2 SPORT | 21:45 |

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

2 SPORT
besta sætið




**KÁTIR** Bræðurnir með Sverri Einarsson, formann knattspyrnudeildar Fram, á milli sín. Fram keypti Jóhannes Karl frá ÍA en kaupverð var ekki gefið upp.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Erum hættir að rífast

**Jóhannes Karl Guðjónsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Fram þar sem hann verður undir stjórn bróður síns, Bjarna Guðjónssonar. Formaður knattspyrnudeildar Fram segir að Jóhannes sé síðustu kaup félagsins.**

**FÓTBOLTI** „Við hættum að rífast að miklu leyti þegar við komum úr barnaskóla. Ég held að þetta verði farsælt samstarf,“ segir Jóhannes Karl Guðjónsson, nýjasti liðsmaður Fram, en hann kemur til félagsins frá ÍA. Í Safamýrinni mun hann spila undir stjórn bróður síns, Bjarna.

„Þegar manni gefst tækifæri til að vinna með bróður sínum þá hugsar maður sig vel um. Mér leist virkilega vel á þetta verkefni hjá honum. Það er búið að hreinsa mikið til hérna. Fólki leist kannski ekki vel á þetta til að byrja með en Bjarni vissi vel hvað hann var að gera. Hann vissi að þessi hreinsun yrði að eiga sér stað. Það er kominn tími til að ungir og efnilegir leikmenn fái tækifæri í Pepsi-deildinni og mér líst því vel á þetta verkefni.“

Miðjumaðurinn öflugi hafði úr mörgu að velja en segir að valið hafi samt verið nokkuð auðvelt.

„Erfiðasta ákvörðunin var í raun sú að vera ekki áfram á Skaganum. Þar bý ég með fjölskyldu minni og strákarnir mínir spila með ÍA. Ég vildi spila áfram í Pepsi-deildinni og það er því miður ekki hægt með ÍA. Svo er líka heillandi að taka þátt í svona verkefni með bróður mínum. Svona tækifæri gefst ekki oft á ferlinum.“

Bjarni hefur verið duglegur að semja við unga og efnilega leikmenn og Jóhannes er fyrsti reynslumikli leikmaðurinn sem fer í Fram. Jóhannes gerir sér grein fyrir því hvernig þetta verkefni verður.

„Þetta verður mjög erfitt. Þetta er alveg nýtt lið og ungir strákar. Þetta verður því örugglega upp og niður hjá okkur. Markmiðin eru samt skýr. Það er að byggja upp lið til framtíðar og ég vil taka þátt í því. Þó svo ég sé gamli maðurinn í liðinu þá finnst mér ég alltaf vera tvítugur. Ég ætla að reyna að gefa af mér og miðla til þessara ungu drengja. Vonandi get ég hjálpað þeim að bæta sig sem leikmenn.“

### Þurftum smá vigt

Kátasti maðurinn á blaðamannafundi Framara í gær var líklega Sverrir Einarsson, formaður knattspyrnudeildar Fram.

„Við vissum frá upphafi að við þyrftum að fá smá vigt með ungu strákunum. Þegar við fórum að ræða við Jóa þá gekk þetta hratt fyrir sig,“ segir Sverrir. Jóhannes var samningsbundinn ÍA og Fram þurfti því að kaupa hann. Sverrir vildi ekki gefa upp kaupverðið en sagði það vera sanngjarnt.

> **„Svo er líka heillandi að taka þátt í svona verkefni með bróður mínum. Svona tækifæri gefst ekki oft á ferlinum.**
>
> *Jóhannes Karl Guðjónsson*

„Skagamenn voru mjög liðlegir við hann og þetta gekk smurt fyrir sig. Ég held að við séum búnir að loka hringnum með þessum kaupum. Við vorum að fá unga stráka til okkar til þess að láta þá spila. Mér fannst best hvað Jói var spenntur fyrir því að koma til okkar. Eðlilega hjálpar til að bróðir hans er hérna. Við gætum ekki verið kátari með þetta.“

henry@frettabladid.is

## Erfiður krakki en hefur þroskast



„Jói lætur alltaf vel að stjórn. Þó svo hann hafi verið erfiður sem krakki þá hefur hann þroskast mikið. Það verða engin vandræði hjá okkur,“ sagði þjálfari Fram, Bjarni Guðjónsson, sposkur á svip en hann var augljóslega ánægður að fá bróður sinn í sitt lið.

Margir hafa furðað sig á því að Bjarni hafi ekki fengið neitt nema unga, óharðnaða leikmenn til félagsins en núna kom reynsluboltinn.

„Við erum reyndar með fleiri fullorðna. Svo var líka ljóst að við ætluðum að fá okkur reynslumenn með ungu strákunum,“ segir Bjarni en hvernig fór hann að því að landa Jóhannesi til Fram?

„Hann er hrifinn af verkefninu og vill vinna með mér. Það hefur alltaf verið gott samband á milli okkar. Hann er mikill karakter og leiðtogi. Hefur þann hæfileika að gera aðra leikmenn í kringum sig betri. Hvar ég spila honum á endanum liggur ekki fyrir en hann verður einhvers staðar á miðjunni.“

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll

# TILBOÐ Í DAG




16 í pk.

## 50% afsláttur

## 1499 kr. pk.

Verð áður ~~2999~~ kr. pk.

Zewa eldhúsrúllur, 16 stk.



Tilboðið gildir aðeins í dag 10. desember

| Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO - www.expo.is

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.15
**Á fullu gazi**
Fjörugur og skemmtilegur bílaþáttur. Þau Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius munu stikla á stóru í bílaheiminum, t.d. etja frægu fólki saman í hörkukeppni, prufukeyra nýjustu bílana, hnýsast í bílskúra hjá bílageggjurum og margt fleira.



### Pressa
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.30** Rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. Handritið skrifuðu þeir tvímenningar ásamt nokkrum af vinsælustu glæpasagnahöfundum landsins.



### Meistaradeild Evrópu
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik Manchester United og Shakhtar Donetsk í Meistaradeild Evrópu.



### Penguins – Spy in the Huddle
**SKJÁR EINN KL. 19.50** Skemmtilegir þættir um eitt skrýtnasta og skemmtilegasta dýr veraldar, mörgæsir. Í þessum vönduðu þáttum frá BBC er fylgst með hegðun þessara furðufugla sem lifa á Suðurskautinu.

### Bylgjan kl. 13.00
**Rúnar Róberts**
Rúnar er í loftinu á milli 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið og gefur þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.




**MJÚKIR SÓFAR, STÓRIR SÓFAR, HORNSÓFAR, TUNGUSÓFAR ...**

**CLEVELAND** – 3JA SÆTA SÓFI



**CLEVELAND** 3ja sæta. Grátt slitsterkt áklæði
Stærð: 210 x 90 x H 80 cm.
Einnig fáanlegur 2ja sæta.
**84.990**
FULLT VERÐ 94.990

**KLINT** – 3JA SÆTA SÓFI



**KLINT** 3ja sætasófi. Svart leður á slitflötum.
Stærð: 193x881 H: 80 cm.
2ja sæta sófi TILBOÐ 169.990
**Tilboðsverð 149.990**
**189.990**
FULLT VERÐ 209.990

**LONDON** – HORNSÓFI 2H2



**LONDON** hornsófi. Slitsterkt áklæði grátt eða beige.
Stærð: 225 x 225 H: 85 cm. Einnig fáanlegur í svörtu leðri.
**309.990**
FULLT VERÐ 359.990

**DC 3600** – 3JA SÆTA SÓFI



**DC 3600** 3ja sæta sófi. Koníaksbrúnt leður allan hringinn. Stærð: 202 x 80 H: 80 cm.
**329.990**
FULLT VERÐ 389.990

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** Malcolm In The Middle
**08.30** Ellen
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.15** Wonder Years
**10.40** The Middle
**11.05** White Collar
**11.50** Flipping Out
**12.35** Nágrannar
**13.00** In Treatment
**13.30** The X-Factor
**14.15** Lois and Clark
**15.05** Sjáðu
**15.35** Scooby Doo og félagar
**16.00** Nornfélagið
**16.25** Ellen
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.16** Veður
**19.25** Stelpurnar
**19.50** New Girl *(5:23)*
**20.15** Á fullu gazi
**20.45** The Big Bang Theory *(5:24)*
**21.10** How I Met Your Mother *(23:24)*
**21.35** The Mentalist *(2:22)* Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
**22.25** Bones *(8:24)*
**23.10** The Daily Show. Global Editon *(39:41)*
**23.35** Lærkevej *(1:12)*
**00.15** Touch
**01.00** Doomsday
**02.45** Kick Ass
**04.40** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**16.50** NB90's. Vol. 2
**17.15** Meistaradeild Evrópu. Dortmund - Napoli
**19.00** Meistaradeildin - upphitun
**19.30** Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Shakh'r Donetsk Bein útsending
**21.45** Meistaradeildin - meistaramörk
**22.45** Meistaradeild Evrópu. Galatasaray - Juventus
**00.40** Meistaradeild Evrópu. Bayern Munchen - Man. City
**02.35** Meistaradeildin - meistaramörk

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00** Swansea - Hull
**13.05** Messan
**14.20** Stoke - Chelsea
**16.00** Man. Utd. - Newcastle
**17.40** Premier League World
**18.10** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**19.05** Fulham - Aston Villa
**20.45** Arsenal - Everton
**22.25** Football League Show
**22.55** Liverpool - West Ham

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **20.30** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**17.50** Junior Masterchef Australia
**18.40** American Dad
**19.00** Extreme Makeover. Home Edition
**19.45** Hart of Dixie *(14:22)*
**20.25** Pretty Little Liars *(14:24)*
**21.10** Priðjudagskvöld með Frikka Dór
**21.45** Nikita *(14:23)*
**22.25** Justified *(1:13)*
**23.15** Sleepy Hollow *(3:13)*
**00.00** Extreme Makeover. Home Edition
**00.45** Hart of Dixie
**01.25** Pretty Little Liars
**02.10** Priðjudagskvöld með Frikka Dór
**02.45** Nikita
**03.30** Justified
**04.20** Tónlistarmyndbönd

## KrakkaStöðin

**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Dóra könnuður **07.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.50** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Diego, **08.24** Svampur Sveins **08.48** Latibær **09.00** Ævintýri Tinna **09.22** Brunabílarnir **09.44** Ævintýraferðin **09.55** Rasmus Klumpur **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.45** UKI **10.50** Hvellur keppnisbíll **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Dóra könnuður **11.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.50** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Diego **12.24** Svampur Sveins **12.48** Latibær **13.00** Ævintýri Tinna **13.22** Brunabílarnir **13.47** Ævintýraferðin **14.00** Rasmus Klumpur **14.05** Lukku láki **14.29** Ofurhundurinn Krypto **14.50** Hvellur keppnisbíll **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Dóra könnuður **15.28** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.50** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Diego **16.24** Svampur Sveins **16.48** Latibær **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Brunabílarnir **17.47** Ævintýraferðin **18.00** Rasmus Klumpur **18.05** Lukku láki **18.29** Ofurhundurinn Krypto **18.50** Hvellur keppnisbíll **19.00** Ice Age. The Meltdown **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**16.55** Strákarnir
**17.25** Friends
**17.45** Seinfeld
**18.10** Modern Family
**18.35** Two and a Half Men
**19.00** Örlagadagurinn *(28:30)*
**19.35** Heimsréttir Rikku *(2:8)*
**20.05** Um land allt
**20.30** Pressa *(2:6)*
**21.15** Sælkeraferðin *(2:8)*
**21.35** Beint frá býli *(2:7)*
**22.15** Hlemmavídeó *(2:12)*
**22.45** Ameríski draumurinn *(1:6)*
**23.30** MasterChef Ísland *(1:9)*
**00.15** Spurningabomban
**01.05** Svínasúpan
**01.30** Ástríður
**02.00** Steindinn okkar
**02.25** Atvinnumennirnir okkar
**03.05** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**09.25** Dolphin Tale
**11.15** Erin Brockovich
**13.25** The Bourne Legacy
**15.40** Dolphin Tale
**17.30** Erin Brockovich
**19.40** The Bourne Legacy
**22.00** X-Men. First Class
**00.10** Savages
**02.20** The Fighter
**04.15** X-Men. First Class

## RÚV

**16.20** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.10** Úmísúmí
**17.35** Jóladagatalið - Jólakóngurinn *(10:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
**17.59** Millý spyr
**18.06** Skrípin
**18.10** Táknmálsfréttir
**18.30** Viðtalið *(Pascale Meige Wagner)*
**19.00** Fréttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.10** 360 gráður
**20.40** Hefnd *(8:22) (Revenge III)*
**21.25** Djöflaeyjan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Úlfakreppa *(1:2) (A Mother's Son)* Móður grunar að sonur hennar hafi myrt stúlku sem fannst látin og veit ekki hvort hún á að segja til hans eða vernda hann. Aðalhlutverk leika Hermione Norris, Martin Clunes og Paul McGann. Bresk mynd í tveimur hlutum.
**23.10** Dicte *(2:10)* Dönsk sakamálaþáttaröð byggð á sögum eftir Elsebeth Egholm um Dicte Svendsen blaðamann í Árósum.
**23.55** Kastljós
**00.25** Fréttir
**00.35** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr. Phil
**09.10** Pepsi MAX tónlist
**16.30** Once Upon A Time
**17.20** Dr. Phil
**18.00** Borð fyrir 5
**18.30** Save Me
**18.55** 30 Rock
**19.25** Cheers
**19.50** Penguins - Spy in the Huddle - NÝTT *(1:3)*
**20.40** Necessary Roughness *(4:10)*
**21.30** Sönn íslensk sakamál - LOKAPÁTTUR *(8:8)* Ný þáttaröð þar sem fjallað verður um stærstu sakamál þjóðarinnar í nútíð og fortíð. Vagnstjórinn er heitið á síðasta þættinum í þessari vönduðu þáttaröð af Sönnum íslenskum sakamálum og segir frá óhugnanlegu morði sem framið var á Víðimel árið 2002.
**22.00** Hannibal - LOKAPÁTTUR *(13:13)* Allir þekkja Hannibal Lecter úr ódauðlegum bókum og kvikmyndum á borð við Red Dragon og Silence of the Lambs.
**22.45** CSI. New York *(14:17)*
**23.35** Scandal
**00.25** Necessary Roughness
**01.15** Hannibal
**02.00** Law & Order UK
**02.50** Excused
**03.15** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.10** Golfing World **09.00** World Challenge 2013 **12.00** World Challenge 2013 **15.00** World Challenge 2013 **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights **19.45** World Challenge 2013 **22.00** Golfing World **22.50** World Challenge 2013 **01.50** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# Sony Center

www.sonycenter.is

**5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM**






## Hátíðartilboð
## 179.990.-

HDTVtest HIGHLY RECOMMENDED

**FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI**
**42"** LED SJÓNVARP KDL42W653

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

**Tilboð 179.990.-** Verð áður 199.990.-



**ÓTRÚLEGUR HLJÓMUR FYRIR SNJALLTÆKIÐ ÞITT**
SRSBTM8B

- Hljómtæki fyrir snjalltæki
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Fáanlegt í svörtu og hvítu

**Verð 18.990.-**



**FULLKOMIN LAUSN FYRIR JÓLABÆKURNAR**
PRST3BC

- Rafbókarlesari með 6" skjá
- Geymir allt að 1200 rafbækur
- Aðeins 200 gr. Hlífðartaska fylgir

**Verð 29.990.-**



**HEIMABÍÓ M. ÞRÁÐLAUSUM BASSAHÁTALARA**
HTCT260H

- 300W 32 bita magnari
- 1 hátalari og þráðlaust bassabox
- Bluetooth tengimöguleiki

**Verð 79.990.-**

Tilboð 139.990.-



**BESTA SMÁMYNDAVÉL VERALDAR?**
DSCRX100M2

- 20.2 pixla Exmor R myndflaga
- ZEISS linsa F1.8–4.9
- Full HD video1080 50/25/24p

**Tilboð 139.990.-** Verð áður 149.990.-



**ÖRÞUNNT OG FLOTT Á GÓÐU VERÐI**
**40"** LED SJÓNVARP KDL40R473

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 100 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma

**Verð 159.990.-**

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri
569 7645

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN VISA***
*3,5% lántökugjald og 340 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

## BESTI BITINN



**„Uppáhaldsskyndibitinn minn er Serrano. Ég fæ mér þá helst Kjúklinga-feta Serrano.“**

Alma Rut Kristjánsdóttir söngkona

# Ungfrú Ísland bjargar hundi í Seljahverfinu

Tanja Ýr Ástþórsdóttir, Ungfrú Ísland, fann týndan hund í Seljahverfi. Hún bankaði upp á hjá ókunnugum í einn og hálfan klukkutíma þar til að hún fann loks heimili hans. Hún er mikill dýravinur að eigin sögn.

Handhafi titilsins Ungfrú Ísland, Tanja Ýr Ástþórsdóttir, kom týndum hundi til bjargar um helgina. Hundurinn var á vappi í Seljahverfinu og Tanja, sem átti leið hjá, horfði á hann af gaumgæfni. „Ég horfði á hundinn og reyndi að sjá hvort eigendur hans væru þarna í grenndinni. En ég gerði mér svo grein fyrir því að hann væri týndur og fór með hann heim til mín og gaf honum að éta,“ segir Tanja. Hún segir að hundurinn hafi verið orðinn kaldur. Tanja var á leið í prófbúðir ásamt vinkonu sinni þegar hún sá hundinn og kom seint í þær vegna björgunarinnar. Hún setti mynd af hundinum á Facebook sem margir deildu.

„En það kom ekkert út úr því. Þannig að ég ákvað að banka upp á hjá fullt af ókunnugu fólki í Seljahverfinu. Ég var að því í svona einn og hálfan klukkutíma, þar til að ég fann loks heimili hundsins,“ segir Tanja, en ljóst er að hún hefur glatt eigendurna mjög. Tanja taldi ekki eftir sér að leggja svona mikið á sig til þess að bjarga hundinum. „Ég er mjög mikill dýravinur og ég gat bara ekki horft upp á hundinn ráfa svona um,“ útskýrir Tanja, fegin að hafa komið hundinum heim. **- kak**



**DÝRAVINUR** Tanja Ýr Ástþórsdóttir lagði mikið á sig til þess að bjarga hundinum týnda í Seljahverfinu.

# Á lista með Rolex-úrum

Úr frá Michelsen úrsmiðum er á lista yfir bestu jólagjafirnar sem gefinn er út af stærstu úrasíðu í heimi.

„Þetta er mikill heiður fyrir okkur og það er ákaflega gaman að þessu,“ segir Magnús D. Michelsen, markaðsstjóri Michelsen úrsmiða, en eitt úr fyrirtækisins komst á lista sem aBlogtoWatch.com, stærsta úrasíða í heiminum, birti fyrir skömmu. Um er að ræða lista yfir bestu jólagjafirnar og er þetta í fyrsta skipti sem íslenskt úr kemst á þennan lista. „Á listanum eru mörg þekktustu merki heims eins og Rolex og Patek Philippe og mörg fleiri merki,“ bætir Magnús við. Þess má til gamans geta að úrið sem komst á listann kallast Arctic Explorer og er sams konar úr og Vilborg Anna Gissurardóttir pólfari bar þegar hún gekk á suðurpólinn.

Þetta er þó ekki í eina skiptið sem Michelsen kemur fyrir á vefsíðunni. „Ég var í viðtali við síðuna. Þetta er reglulegt viðtal þar sem fólk úr úrageiranum tjáir sig um draumaúrið og það var mjög ánægjulegt að komast í þetta viðtal.“ **- glp**



**ÍSLENSK ÚR Í ELDLÍNUNNI** Magnús er ánægður með þann áhuga sem úrin hafa fengið. MYND/ELÍN GEIRA

➜ ABLOGTOWATCH er stærsta úrasíða í heiminum og er bandarísk. Þar er fjallað um allt sem tengist úrageiranum. Á síðunni er að finna ýmsar fréttir, umfjöllun og gagnrýni á allt sem viðkemur úrum í heiminum.


JÓL ÁN AUKAKÍLÓA
- Frábær árangur -

CC Flax

Frábært fyrir konur á öllum aldri
stuðlar að hormónajafnvægi og þyngdartapi



Mulin lignans hörfræ - sérræktuð
Trönuberjafræ
Haf-kalkþörungar
Omega 3

Frábær árangur við tilfinningasveiflum, pirringi, hita- og svitakófi, svefnvanda og húðþurrk. Til að grennast og halda kjörþyngd. Vinnur fljótt á bjúg og vökvasöfnun, styrking gegn þvagfærasýkingu.* Ríkt af Omega-3 - ALA og trefjum.

**Rannsóknir sýna 8,5 kg minni fitumassa**
Rannsóknir hafa sýnt að konur sem hafa mikið lignans í blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið lignans.**
Rannsóknir sýna að asíukonur hafa yfirleitt mikið lignans í blóðinu, gott hormónatengt heilbrigði og offita þekkist vart.

* Howel AB Journal of the American Medical Associaton june 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.






100% NATURAL
NOT SYNTHETIC

1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

Fæst í apótekum, heilsubúðum og helstu stórmörkuðum. www.celsus.is




**ÖRLÖGIN LEIDDU ÞAU SAMAN** Hver veit hvað hefði gerst ef Júlíus hefði ekki gleymt að skrá sig út af Facebook? FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

# Facebook-hrekkur vina kveikti ástarbál

Ástir tókust með þeim Júlíusi og Herdísi eftir að vinir Júlíusar hrekktu hann á Facebook. Þau eru búin að vera saman í ár og ástin blómstrar sem aldrei fyrr.

Þau Júlíus Brynjar Kjartansson og Herdís Sif Rúnarsdóttir höfðu ekki hugmynd um að leiðir þeirra myndu liggja saman fyrir rúmlega ári þegar þau fóru inn á Facebook. Vinir Júlíusar voru í heimsókn hjá honum og ákvað hann að stökkva út í búð til þess að kaupa eitthvað til að bjóða þeim upp á en gleymdi að skrá sig út af Facebook. Vinirnir sáu sér þá leik á borði og ákváðu að hrekkja Júlíus, eins og tíðkast þegar fólk gleymir að skrá sig út af Facebook.

„Þeir potuðu í fullt af stelpum og sendu út örugglega hundrað vinabeiðnir. Þetta var rosalegt,“ rifjar Júlíus Brynjar upp. Hann gerði sér grein fyrir hrekknum þegar hann kom heim úr búðinni. „Ég fór á Facebook og sá hvað þeir höfðu gert. Fljótlega sá ég að ein stelpa, sem mér leist alveg hrikalega vel á, var búin að senda mér skilaboð,“ segir Júlíus. Hann greip tækifærið og hóf djúpar samræður á netinu. „Þetta small bara strax og við ákváðum að hittast daginn eftir.“

Júlíus, sem er búsettur á Selfossi, gerði sér ferð til Reykjavíkur til þess að hitta þessa efnilegu stúlku, strax daginn eftir að þau töluðu saman á Facebook í fyrsta sinn. „Ég sótti hana í vinnuna og við tókum góðan rúnt. Við spjölluðum um heima og geima og ég sá strax að við pössuðum rosalega vel saman.“

Parið hefur nú verið saman í heilt ár og býr nánast saman. „Ég leigi íbúð á Selfossi og hún býr hjá foreldrum sínum í Reykjavík. Við skiptumst á að vera hvort heima hjá öðru. Ég ákvað að skipta um vinnu og fékk mér vinnu í bænum til þess að geta verið nær henni,“ útskýrir Júlíus Brynjar sem heldur að þau muni á endanum flytja saman á Selfoss.

Vinir hans eru auðvitað ánægðir með að hafa kveikt þetta ástarbál. „Ég sagði þeim strax um kvöldið sem þeir gerðu mér hrekkinn að við Herdís ætluðum að hittast daginn eftir. Þeir svöruðu bara: „Já, sæll!“ Þeir hafa grínast mikið með þetta en þykir þetta samt alveg frábært mál.“ Júlíus segist ánægður með tengdafjölskylduna og vonar að sú ánægja sé gagnkvæm. Hann hlakkar mikið til jólaboðanna með ástinni sinni. Ástarbálið, sem varð til vegna Facebook-hrekksins, logar glatt.

> **Þeir potuðu í fullt af stelpum og sendu út örugglega hundrað vinabeiðnir. Þetta var rosalegt.**
>
> *Júlíus Brynjar*

kjartanatli@frettabladid.is

# Systkini vinna saman í Bláskjá

Enginn systkinarígur er á milli Högna og Arndísar Hrannar Egilsbarna.

Æfingar á leikritinu Bláskjá eftir Tyrfing Tyrfingsson hófust í síðustu viku í Borgarleikhúsinu. Í leikritinu leikur meðal annarra Arndís Hrönn Egilsdóttir og Högni Egilsson sér um tónlistina. Þau eru systkini. „Við höfum verið með atriði í brúðkaupum og afmælum saman áður en þetta er í fyrsta sinn sem við vinnum saman af einhverri alvöru,“ segir Arndís Hrönn.

Hún segir ekki vera hefðbundinn systkinaríg á milli þeirra. „Við höfum aldrei rifist. Ég er sextán árum eldri en Högni þannig að það eru líka móðurtilfinningar sem tengjast honum. Ég hef leyfi til að segja það sem mér finnst við hann í krafti þess að vera eldri, en hann hefur alveg tillögurétt líka. Það myndast öðru vísi samband þegar það er mjög langt á milli systkina í aldri. Ég er rosalega stolt af honum og hef gaman af öllu sem hann gerir.“

Í Bláskjá eru þrjú systkin og þau eru nýbúin að missa pabba sinn. „Í verkinu er fjallað um hvernig þau díla við það og díla ekki við það. Þetta er auk þess fyrsta leikrit í heiminum sem gerist í Kópavogi. Það er ákveðinn töffaragangur í verkinu sem á sér samhljóm í Kópavoginum. Ég ólst upp í Kópavoginum frá tíu ára aldri til tvítugs og man vel eftir unglingapartíum í hitakompum í Hamraborginni, þaðan á ég minningar af dramatískum samtölum. Þetta var á pönktímanum og maður var undir miklu týpuálagi.“ **- ue**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**RÍFAST ALDREI** Arndís og Högni eru samrýnd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
LJÚFFENG OG RJÚKANDI
BEINT ÚR OFNI
SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir
FITON / SÍA
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Eignaðist stúlkubarn

**María Sigrún Hilmarsdóttir**, fréttakona Ríkisútvarpsins, eignaðist stúlkubarn á föstudaginn. Stúlkan vó fjórtán merkur og var 49 sentímetrar að lengd. Eiginmaður Maríu Sigrúnar er Pétur Árni Jónsson, útgáfustjóri Viðskiptablaðsins. Þau giftu sig árið 2011. Þetta er annað barn hjónanna en fyrir eiga þau Hilmar Árna sem verður tveggja ára innan skamms. María Sigrún lýsti yfir ánægju sinni með móðurhlutverkið í forsíðuviðtali Lífsins fyrir ári. Hún sagðist elska að vera mamma.



**- kak**

### Frumburðurinn fær nafn

Grínistinn **Ari Eldjárn** og kærasta hans, Linda Guðrún Karlsdóttir, gáfu frumburði sínum nafn um helgina. Litla stúlkan þeirra fékk nafnið Arney Día Eldjárn. Linda Guðrún er Reykvíkingur og starfar í Hagaskóla en grínistinn Ari er þekktur fyrir að vera hluti af grínhópnum Mið-Íslandi. Hópurinn er nú að undirbúa nýja sýningu sem verður í Þjóðleikhúskjallaranum í janúar. Sýningin mun standa fram eftir vorinu og verður efni, sem strákarnir þróuðu á tilraunasýningum í nóvember, meðal annars notað í nýju sýninguna.



**- kak**

## Mest lesið vísir

1 Spinning kl. 20:13
2 Ótrúlegar aðstæður í Philadelphia | Magnaðar myndir
3 Stúlkan dró móður sína úr logandi íbúðinni
4 Stefán Logi: „Ég var mjög illa haldinn andlega og líkamlega"
5 Einn í lífshættu eftir eldsvoða í Breiðholti
6 Solla fékk i-Phone 5 í skóinn en ég mandarínu





